

# Rannsókn á Hjallastefnunni.

---

Unnin á vegum Háskólans í Reykjavík fyrir Hjallastefnuna á Íslandi, 2014 - 2016



**Höfundar: Berglind Gísladóttir og Hrefna Pálsdóttir**

**© Háskólinn í Reykjavík 2017**

**ISBN 978-9935-9147-6-7**

**Rit þetta má ekki afrita með nokkrum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án leyfis Háskólans í Reykjavík.**

## Efnisyfirlit

<b>Myndayfirlit</b> .....	<b>5</b>
<b>Töfluyfirlit</b> .....	<b>7</b>
<b>Formáli</b> .....	<b>9</b>
<b>1. Bakgrunnur rannsóknar</b> .....	<b>9</b>
<b>2. Aðferð og gögn</b> .....	<b>13</b>
2.1 Ungt fólk í 5. – 7. bekk árið 2015.....	13
2.2 Foreldrakönnunin Barnið þitt og skólinn.....	14
2.3 Garðaskóli og Sjálandsskóli, 8. – 9. bekkur, fyrrum nemendur Hjallastefnunnar í Garðabæ ....	15
2.4 Símakönnun meðal foreldra .....	16
2.5 Lesfimi – Lestrarkönnun meðal nemenda í 2. bekk í Hjallastefnuskólum.....	17
2.6 Ungt fólk 2016, nemendur í 8. -10. bekk.....	17
2.7 Viðtöl.....	18
2.7.1 Viðtöl við kennara Hjallastefnunnar .....	18
2.7.2 Rýnihópaviðtöl .....	19
2.7.3 Viðtöl við fyrrum nemendur Hjallastefnunnar.....	21
<b>3. Námsárangur</b> .....	<b>23</b>
3.1 Lesfimi – Nemendur í 2.bekk í Hjallastefnuskólum.....	25
3.2 Árangur á samræmdum prófum .....	26
3.3 Námsárangur fyrrum nemenda Hjallastefnuskóla.....	28
3.3.1 Meðaleinkunnir í 8. - 9. bekk Í unglíngadeildum Garðabæjar vorið 2015.....	28
3.3.2 Sjálfuppgæfnar einkunnir nemenda í rannsókninni Ungt fólk 2016.....	30
3.4 Samantekt .....	31
<b>4. Viðhorf til náms</b> .....	<b>32</b>
4.1.1 Viðhorf nemenda í 5. – 7. Bekk .....	33
4.1.2 Viðhorf fyrrum nemenda Hjallastefnuskóla.....	35
4.2 Samantekt .....	41
<b>5. Kynin og staðalmyndir</b> .....	<b>42</b>
5.1 Kynin og skólastarfið .....	42
5.2 Staðalmyndir og viðhorf til hlutverkaskiptinga.....	44
5.2.1 5. – 7. Bekkur .....	44
5.2.2 Fyrrum nemendur Hjallastefnunnar .....	46
5.3 Samantekt .....	47
<b>6. Almenn líðan barna</b> .....	<b>49</b>

---

6.1	<i>Nemendur í 5. – 7. bekk</i> .....	50
6.2	<i>Fyrrum nemendur Hjallastefnuskóla</i> .....	52
6.3	<i>Samantekt</i> .....	55
<b>7.</b>	<b>Foreldrar og félagsauður</b> .....	<b>56</b>
7.1	<i>Félagsauður</i> .....	57
7.1.1	Nemendur í 5. – 7. bekk .....	57
7.1.2	Fyrrum nemendur í Hjallastefnuskóla.....	58
7.2	<i>Foreldrar</i> .....	59
7.2.1	Tengsl foreldra innan skóla.....	59
7.2.2	Ánægja, væntingar og viðhorf.....	60
7.2.3	Símakönnun við foreldra.....	65
7.3	<i>Samantekt</i> .....	67
<b>8.</b>	<b>Umræða um niðurstöður</b> .....	<b>68</b>
	<b>Heimildir</b> .....	<b>72</b>

## Myndayfirlit

Mynd 1. Meðal-lesfimi nemenda í 2. bekk í BSK Reykjavík, BSK Hjallabraut og BSK Vífilstöðum og meðal-lesfimi á landsvísu.....	26
Mynd 2. Meðaleinkunnir nemenda í 4. bekk í Hjallastefnuskólum á samræmdum prófum í stærðfræði, árin 2013 – 2015.....	27
Mynd 3. Meðaleinkunnir nemenda í 4. bekk Hjallastefnuskólum í samræmdum prófum í íslensku, árin 2013 – 2015.....	27
Mynd 4. Meðaleinkunn nemenda BSK Vífilstöðum á samræmdum prófum í 7. bekk í íslensku og stærðfræði, árin 2013-2015. ....	28
Mynd 5. Meðaleinkunnir nemenda 8. - 9. bekk í unglingadeildum Garðabæjar, vorið 2015. Greint eftir fyrrum nemendum í BSK Vífilstöðum og nemendum úr öðrum skólum Garðabæjar. ....	29
Mynd 6. Meðaleinkunnir nemenda í 8. og 9. bekk í unglingadeildum Garðabæjar vorið 2015. Greint eftir, fyrrum nemendum í BSK Vífilstöðum á yngsta stigi, fyrrum nemendum BSK Vífilstöðum á bæði yngsta- og miðstigi og nemendum úr öðrum skólum Garðabæjar.....	29
Mynd 7. Sjálfuppgefnar einkunnir nemenda í 8.-10.bekk í íslensku, stærðfræði, ensku og dönsku, árið 2016.....	30
Mynd 8. Tími í klukkustundum sem nemendur í 5. – 7. bekk eyða að meðaltali daglega í að lesa bækur aðrar en skólabækur, texta á netinu, teiknimyndabækur eða blöð, dagblöð og tímarit. Greint eftir nemendum í Hjallastefnuskólum og nemendum annarra skóla á höfuðborgarsvæðinu.....	34
Mynd 9. Viðhorf nemenda til náms í 8. og 9.bekk árið 2015 og 8., 9. og 10. bekk árið 2016 greint eftir fyrrum nemendum í BSK Vífilstöðum, öðrum skólum Garðabæjar og nemendum í skólum á höfuðborgarsvæðinu.....	37
Mynd 10. Hlutfall nemenda sem svarar spurningunni: „Hversu vel eða illa áttu eftirfarandi fullyrðingar við um þig þegar þú byrjaðar nám í unglingadeild“ með svarmöguleikanum: <i>vel eða mjög vel</i> . ....	38
Mynd 11. Hlutfall nemenda í 8.-10. bekk í öðrum grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu og fyrrum nemenda í BSK Vífilstöðum sem eru <i>mjög sammála</i> þeim fullyrðingum sem spurt er um. ....	40
Mynd 12. Drengir og stúlkur í 5.-7. bekk sem svara <i>Jafnt</i> við spurningunni: „Ef maður og kona búa saman og eiga börn og eru bæði í fullri vinnu, hvernig finnst þér rétt að þau skipti með sér verkum á heimilinu?“. Greint eftir kynjum og nemendum í Hjallastefnuskólum og nemendum í öðrum skólum á höfuðborgarsvæðinu.....	44
Mynd 13. Drengir og stúlkur í 5.-7. bekk sem svara <i>Jafnt</i> við spurningunni: „Ef maður og kona búa saman og eiga börn og eru bæði í fullri vinnu, hvernig finnst þér rétt að þau skipti með sér verkum á heimilinu?“. Greint eftir kynjum og nemendum í Hjallastefnuskólum og nemendum í öðrum skólum á höfuðborgarsvæðinu.....	45

- 
- Mynd 14 Hlutfall drengja og stúlkna í 5.-7. bekk í Hjallastefnuskólum og á höfuðborgarsvæðinu segjast *stundum eða oft* á síðastliðnum 30 dögum hafa verið leiðir/leiðar, haft lítinn áhuga á því að gera hluti, upplifa sig einmana, grátið auðveldlega eða langaði til að gráta. .... 52
- Mynd 15. Hlutfall fyrrum nemenda í Hjallastefnuskólum og nemenda í skóla á höfuðborgarsvæðinu sem svöruðu að eftirfarandi fullyrðingar ættu *vel eða mjög vel* við um sig. .... 58
- Mynd 16. Hlutfall foreldra barna í Hjallastefnugrunnskólum og Hjallastefnuleikskólum í samanburði við foreldra barna í öðrum grunnskólum og öðrum leikskólum sem svara játandi. .... 60
- Mynd 17. Hlutfall foreldra í Hjallastefnugrunnskólum og Hjallastefnuleikskólum í samanburði við foreldra barna í öðrum grunn- og leikskólum sem svöruðu *vel eða mjög vel* við ofangreindum spurningum. .... 61
- Mynd 18. Hlutfall foreldra barna í Hjallastefnugrunnskólum og í samanburðargrunnskólum eftir því hvort þeir telja það *mjög mikilvægt* að kennarar barna þeirra hafi kennaramenntun og að skólinn bjóði upp á einstaklingsmiðað nám. .... 62
- Mynd 19. Hlutfall foreldra barna í Hjallastefnugrunnskólum og Hjallastefnuleikskólum í samanburði við foreldra í öðrum grunn- og leikskólum sem svöruðu *mjög eða frekar ánægð* við ofangreindum fullyrðingum. .... 63
- Mynd 20. Hlutfall foreldra barna í Hjallastefnugrunn- og leikskólum til samanburðar við foreldra í öðrum grunn- og leikskólum sem sögðust *sammála eða mjög sammála* ofantöldum fullyrðingum. .... 64
- Mynd 21. Hlutfall foreldra barna í Hjallastefnugrunn- og leikskólum og foreldrar barna í samanburðargrunn- og leikskólum sem töldu það vera, *mjög eða frekar líklegt* að þeir myndu mæla með grunn- eða leikskóla barnsins síns við aðra foreldra. .... 64

## Töfluyfirlit

Tafla 1. Fjöldi þátttakenda skipt eftir bekkjadeild og nemendum Hjallastefnuskóla og annarra skóla á höfuðborgarsvæðinu, árið 2015.....	14
Tafla 2. Skipting þátttakenda eftir því hvort þau eiga barn/börn á leikskólastigi eða grunnskólastigi og hvort þau eiga barn/börn í Hjallastefnugrunnskóla/Hjallastefnuleikskóla eða öðrum skólum/leikskólum. ....	15
Tafla 3 Fjöldi þátttakenda eftir kyni og hvort þeir voru áður í BSK Vífilstöðum eða öðrum grunnskólum Garðabæjar. ....	16
Tafla 4. Fjöldi þátttakenda eftir hvort þeir voru áður í BSK Vífilstöðum, öðrum skólum Garðabæjar eða skóla á höfuðborgarsvæðinu.....	18
Tafla 5. Stöðluð hundraðsmörk fyrir lestrarnámkvæmni meðal nemenda í 2. bekk í BSK Reykjavík, BSK Hafnarfirði og BSK Vífilsskóla.....	25
Tafla 6. Hlutfall nemenda í 5.-7.bekk í Hjallastefnunni og á höfuðborgarsvæðinu árið 2015 sem finnst <i>frekar leiðinlegt eða mjög leiðinlegt</i> að lesa bækur og <i>erfitt eða mjög erfitt</i> að lesa bækur.....	33
Tafla 7. Hlutfall nemenda í 5.- 7. bekk sem svarar <i>oft eða alltaf</i> við eftirfarandi spurningar .....	34
Tafla 8. Hlutfall nemenda í 5.- 7. bekk sem segjast <i>stundum eða oft</i> fá hrós frá kennaranum sínum og hlutfall nemenda sem segjast <i>líka vel eða mjög vel</i> við kennarann sinn. ....	35
Tafla 9. Hlutfall drengja og stúlkna í Hjallastefnuskólum og í skólum á höfuðborgarsvæðinu, eftir því hvort þau telja drengi og stúlkur jafn góð í eftirfarandi: .....	46
Tafla 10. Drengir og stúlkur í 8.-9. bekk í Sjálandsskóla og Garðaskóla sem svara <i>Jafnt</i> við spurningunni: „ <i>Ef maður og kona búa saman og eiga börn og eru bæði í fullri vinnu, hvernig finnst þér rétt að þau skipti með sér verkum á heimilinu?</i> “. Greint eftir kynjum og nemendum í Hjallastefnuskólum og nemendum í öðrum skólum á höfuðborgarsvæðinu. ....	47
Tafla 11. Hlutfall stúlkna og drengja í 5.-7. bekk í Hjallastefnuskólum og á höfuðborgarsvæðinu sem segja að þeim líði <i>mjög eða frekar vel</i> í kennslustundum. ....	50
Tafla 12. Hlutfallsleg svör stúlkna og drengja í 5.-7.bekk í Hjallastefnuskólum og á höfuðborgarsvæðinu við spurningum tengdum félagslegri stöðu þeirra.....	50
Tafla 13. Hlutfall stúlkna og drengja í 5.-7. bekk í Hjallastefnuskólum og á höfuðborgarsvæðinu sem segja að þeim hafi verið strítt, skilin út undan eða beitt ofbeldi í skólanum einu sinni eða oftar um veturinn. ....	51
Tafla 14. Meðaltal mælinga á sjálfsmynd og líkamsímynd nemenda í Garðaskóla og Sjálandsskóla skipt eftir árum og því hvort nemendur voru áður í BSK Vífilstöðum eða í öðrum skólum Garðabæjar...	53
Tafla 15. Hlutfall nemenda sem sögðust vera <i>mjög ánægðir</i> með líf sitt og <i>mjög hamingjusamir</i> , greint eftir kynjum og fyrrum nemendum BSK Vífilstöðum og nemendum úr öðrum skólum Garðabæjar. ....	54

---

Tafla 16. Hlutfall nemenda í 5.-7. bekk í Hjallastefnuskólum og á höfuðborgarsvæðinu sem sögðust oft eða alltaf vera með foreldrum eftir skóla og um helgar og vera ein/n heima eftir skóla. ....	57
Tafla 17. Hlutfall nemenda í 5.-7. bekk í Hjallastefnuskólum og á höfuðborgarsvæðinu sem sögðu að það ætti vel eða mjög vel við um þau að: Foreldrar þeirra þekki vini/vinkonur þeirra og að foreldrar þekki foreldra vina/vinkvenna þeirra. ....	58
Tafla 18. Hlutfall nemenda í 8. - 10. bekk á höfuðborgarsvæðinu sem sögðust oft eða nær alltaf vera með foreldrum eftir skóla og foreldrum um helgar. ....	59
Tafla 19. Hlutfall foreldra sem sögðust eiga barn með sérþarfir eða barn með annað tungumál. Greint eftir skólagerð. ....	61
Tafla 20. Hlutfall foreldra fyrrum nemenda í Hjallastefnuskólum sem svöruðu mjög eða frekar ánægðir við eftirfarandi spurningum tengdum Hjallastefnuskóla barnsins þeirra. ....	65



## Formáli

Skýrsluhöfundar vilja koma á framfæri þökkum til allra þeirra sem veittu hjálparhönd við gagnaöflun og vinnslu þessarar skýrslu. Sérstakar þakkir fá Rannsóknir og greining, foreldrar fyrrum nemenda í Hjallastefnuskólum, foreldrar barna núverandi nemenda í Hjallastefnuskólum, núverandi og fyrrverandi nemendur í Hjallastefnuskólum ásamt starfsfólki Hjallastefnunnar. Þá er Sigurgrími Skúlasyni og öðru starfsfólki Menntamálastofnunar þökkuð veitt aðstoð.

## 1. Bakgrunnur rannsókna

Þegar farið er í gegnum efni er lýtur að Hjallastefnunni verður lesandinn þess fljótt áskynja að Hjallastefnan er byggð á hugmyndafræði og kenningum einnar konu, Margrétar Pálu Ólafsdóttur. Hjallastefnan er alíslensk og er að mati stofnanda í raun eina heildstæða íslenska skólastefnan (Margrét Pála Ólafsdóttir, 2000). Hugmyndafræðilegur grundvöllur Hjallastefnunnar er byggður á því að kynin séu ólík, auk kynjanámskrár sem er í forgrunni í uppeldisstarfi skólans. Meginþættir hugmyndafræðinnar eru einkum þeir að hverju barni sé mætt eins og það er og að ólíkar þarfir nemenda séu viðurkenndar. Í Hjallastefnunni er lögð áhersla á jákvæð samskipti og virðingu í samskiptum nemenda og starfsfólks. Jákvæð samskipti og hegðun eru styrkt með hrósi og með því að beina athyglinni að því sem vel gengur. Á þann hátt er valfrelsi nemenda virt og hlúð að velgengi og líðan allra (Námskrá Barnaskóla Hjallastefnunnar, 2013). Þó Hjallastefnan sé stofnuð af Margrétu Pálu og sé hennar hugsmíð þá er hugmyndafræðilegur grundvöllur hennar sóttur til ýmissa fræðimanna og stefna. Þar má fyrst nefna Alexander S. Neill og hugmyndir hans um frjálst uppeldi. Stefnan er einnig byggð á hugmyndum um raunhæfar og ígrundaðar lausnir sem og raunveruleikatengdum verkefnum í skólastarfi. Má þar nefna Charles Peirce, William James og John Dewey. Að auki er litið til skólaaðferða Carolyn Pratt, Rudolf Steiner og Montessorri og þá eru hugmyndir Lev Vygotsky einnig grunnur í hópstjórastarfi Hjallastefnunnar (Námskrá Barnaskóla Hjallastefnunnar, 2013).

Hjallastefnan byggir á sex meginreglum, þær eru börn og foreldrar, starfsfólk, umhverfi, efniviður, náttúra og samfélag. En auk þess notar Hjallastefnan kynjaskiptingu sem megináferð þar sem börnum er skipt á kjarna/bekki eftir kyni. Markmið slíkrar skiptingar er að auka möguleika á jákvæðri blöndun. Kynjaskipt skólastarf hefur lengi verið umdeilt eins og síðar í skýrslunni verður fjallað nánar um, en slíkt

---

skólastarf er mikilvægur þáttur í hugmyndafræði Hjallastefnunnar. Sú kynjanámskrá sem Hjallastefnan byggir á hefur það að markmiði að tryggja að ólíkum þörfum stúlkna og drengja sé mætt. Stefnan leggur áherslu á að nemendur séu ekki heftir af kynhlutverkum og kynjamótun samfélagsins. Mikilvægi jafnréttis er haft í fyrirrúmi til þess að veita börnum uppþót á þeim sviðum sem Hjallastefnan telur að þau hafi farið á mis við í samfélagi sem ekki enn hefur náð jafnréttismarkmiðum. Hjallastefnan býður einnig upp á markvissa kynjafræðslu þar sem kennarar starfa með nemendum í því að vinna gegn staðalmyndum kynjanna og skapa þannig nýjan skilning hjá drengjum og stúlkum. Kynjanámskrá Hjallastefnunnar grundvallast af sex meginþáttum sem eru: Agi, sjálfstæði, samskipti, jákvæðni, vinátta og áræðni (Hjallastefnan, 2014).

Þrátt fyrir sérstöðu Hjallastefnunnar á sviði kynjaskiptingar í leik- og grunnskólum á Íslandi þá er margt óunnið á sviði rannsókna. Þó hafa einhver grunn- og meistaraverkefni verið unnin sem tekið hafa á hinum ýmsu hliðum stefnunnar. Aðeins ein rannsókn hefur verið unnin í tengslum við uppeldisaðferðir er að lúta að hugmyndafræði Hjallastefnunnar en það er meistaraverkefni Margrétar Pálu Ólafsdóttur frá Kennaraháskóla Íslands og ber hún heitið *Gengi Hjallabarna í grunnskóla*. Í þeirri rannsókn leitast Margrét Pála við skoða hvort kynjaskipt leikskólastarf hafi áhrif á færni, líðan og viðhorf stúlkna og drengja þegar í grunnskóla er komið. Rannsóknartilgátan sem Margrét Pála lagði upp með sneri að því að kynjaskipt kennsla hefði þau áhrif að gengi Hjallanemenda væri frábrugðið gengi annarra barna. Niðurstöður studdu hins vegar ekki tilgátuna því lítill munur mældist á Hjallanemendum og öðrum nemendum á þeim sviðum sem mæld voru (Margrét Pála Ólafsdóttir, 2000). Rannsókn Margrétar Pálu sýndi jafnframt fram á stúlkur stóðu sig að flestu leyti betur í skóla en drengir en þó var sjálfsmynd þeirra veikari. Þess má geta að þó munur á milli samanburðarhópanna hafi verið lítill, þá var hann samt greinanlegur á einstaka sviðum. Kennarar nefndu til dæmis að Hjallabörnin væru ófeimnari og öruggari í samskiptum við hitt kynið en börnin í samanburðarhópnum. Vill Margrét Pála meina að sá munur bendi til þess að kynjaskiptingin hafi styrkt börnin og unnið gegn neikvæðni í garð hins kynsins (Margrét Pála Ólafsdóttir, 2000).

Upphaf kynjaskipts leiks- og grunnskólastarfs á Íslandi má rekja til haustsins sem leikskólinn Hjalli í Hafnarfirði hóf starfsemi sína, þ.e. haustið 1989. Margrét Pála Ólafsdóttir tók við stjórn Hjalla í Hafnarfirði sem þá var nýbyggður leikskóli og einn sá stærsti á landinu. Leikskólinn var kynjaskiptur frá fyrsta degi, þ.e. kennurum og nemendum skipt niður á stúlnakjarna og drengjakjarna. Eitt af markmiðum Margrétar Pálu var að sýna fram á að hægt væri að leysa af hendi gott leikskólastarf í stórum leikskólum ekki síður en í þeim smærri. Það sem vakti mesta athygli í annars óvenjulegri námskrá leikskólans var kynjaskiptingin. Kynjaskiptingin átti ekki upp á pallborðið hjá öllum og margir töldu hana varasama á þeim forsendum að hún gæti stuðlað að auknum kynjamun. Þó voru aðrir sem litu á slíka skiptingu sem jákvæða þróun í átt að

---

frekara jafnrétti í skólum (Margrét Pála Ólafsdóttir, 2000).

Barnaskóli Hjallastefnunnar tók til starfa haustið 2003 og hófst þar nýr kafli í áframhaldandi þróun Hjallastefnunnar sem hafði fram til þessa eingöngu verið í leikskólum. Hjallastefnan var í upphafi sett fram sem kennslufræði fyrir leikskólastig og gætir mikils af hefðum og menningu leikskólastigsins í útfærslu hennar fyrir grunnskólastig. Dæmi um þetta eru að fleiri en einn kennari vinna saman, nemendahóparnir eru fámennir og ímyndunaraflið fær að njóta sín. Mikið er lagt upp úr leik og lítið er um tilbúin leikföng (Hjallastefnan, 2014). Þrátt fyrir að kynjaskipting í leikskólum hafi verið ný af nálinni á þessum tíma þá var aðgreining kynjanna ekki einsdæmi á Íslandi þar sem þekkt hafði að kynjaskipta nemendum í einstaka fögum sem og skólum. Sögulega séð var kynjaskipting grundvöllur í skólasterfi og voru fyrstu skólarnir drengja- eða karlaskólar. Fátítt var að stúlkur og konur menntuðu sig og það var ekki fyrr en seint á nítjándu öld sem skólar fyrir konur verða til í tengslum við kvenréttindabaráttu þess tíma. Fyrsti skólinn fyrir konur var Kvennaskólinn í Reykjavík sem stofnaður var árið 1874.

Þá var aðgreining nemenda eftir kyni hins vegar þekkt í skólakerfi Vesturlanda langt fram yfir miðja síðustu öld og má þar sem dæmi nefna handavinnu, smíðar, matreiðslu og íþróttir. Á sjöunda áratugnum kom upp sú krafa að blanda báðum kynjum í nafni jafnréttis, í öllum greinum. Markmið með slíkri blöndun var einna helst það að tryggja báðum kynjum, að einhverju leyti, jafnrétti til náms, að bæði stúlkur og drengir fengju sambærilega þjálfun í bæði kvenlægum og karllægum gildum og verkefnum. Margrét Pála vill þó meina að það markmið að hafa bæði kynin á sama stað á sama tíma með sömu verkefni og sama kennara til að tryggja kynjunum sama „rétt“ hafi ekki náð tilskildum árangri. Hún bendir á að rannsóknir og reynsla af þessum stöðugu samvistum kynjanna hafi þvert á móti leitt í ljós að „sami“ réttur kynjanna náist ekki og að rannsóknir sýni að þessar samvistir kynjanna hafi haft alvarlegar og neikvæðar afleiðingar fyrir bæði stúlkur og drengi (Margrét Pála Ólafsdóttir, 2000). Samkvæmt Margréti Pálu þá sækja kynin í gamla kynhlutverkið sitt og því sem þau eru góð í. Sem dæmi má nefna að stúlkur koma sér undan því að taka sér sitt pláss í skólanum þegar hávaðasamir piltar eru til staðar til að ráða ferðinni og á sama hátt forðast drengir að æfa og ná árangri á sviðum eins og í föndri eða söng þegar stúlkurnar eru til staðar (Margrét Pála Ólafsdóttir, 2005).

Að því sögðu er vel við hæfi að fjalla um einn helsta áherslumun Hjallastefnunnar og hins hefðbundna grunnskóla, kynjanámskrána. Hjallastefnan notar kynjaskipta hópa til að auka líkurnar á jafnrétti meðal stúlkna og drengja. Í þeim hópum gildir jákvætt Hjallastefnuviðhorf sem snýr að því að veita báðum kynjum kost á að þroskast og dafna á eigin forsendum án afskipta eða truflunar frá gagnstæðu kyni. Þá er kynjunum einnig gert hátt undir höfði á þeim sviðum sem hafa goldið fyrir kynferði viðkomandi, hvort sem hallað hefur á drengi eða stúlkur. Með kynjanámskránni telur Margrét Pála að vegið sé upp á móti neikvæðum

afleiðingum hefðbundinnar kynjameningar þar sem drengir hafa verið sviknir um heiðarlegt félagsuppeldi og stúlkur verið sviknar um einstaklingsuppeldi. Í kynjaskiptu starfi fá öll börn að prófa og þróa eiginleika sína, áhuga, leiki, námssvið og verkefni þar sem þeirra hugmyndir ráða ferðinni. Þó ber að ítreka það að blöndun kynjanna er daglegt viðfangsefni þar sem kynin mætast og æfa samvistir. Markmið slíkrar blöndunar er fyrst og fremst að skapa jákvæða mynd af hinu kyninu og verja þau gegn neikvæðum ímyndum af hinu kyninu sem gjarnan þróast hjá börnum á grunnskólaaldri gagnvart gagnstæðu kyni. Eins er kynjafræðsla jafnréttisþáttur kynjanámskrár þar sem farið er inn á ýmsar hliðar misréttis og leiðir til betra lífs með tengingu við veruleika barnanna sjálfra (Námskrá Barnaskóla Hjallstefnunnar, 2013).

Að frátalinni Hjallastefnunni þá hefur lítið verið um kynjaskiptingu í skólum á Íslandi. Þó hafa verið gerðar tilraunir með slíka skiptingu bæði í Gagnfræðiskólanum á Akureyri og í Myllubakkaskóla í Keflavík. Markmiðið með kynjaskiptingu í Myllubakkaskóla var einkum það að hafa á áhrif á viðhorf nemenda til eigin getu og starfsmöguleika. Í rannsókn Margrétar Pálu kemur fram að mat Guðnýjar Guðbjörnsdóttur, prófessors sem rannsakaði áhrif verkefnis á kynin hafi verið að það hefði ekki skilað tilætluðum árangri. Þannig taldi Guðný að viðhorf krakkanna breyttist nánast ekkert og enginn munur hafi mælst á viðhorfi kynjanna. Hún taldi þó að krakkarnir sem tóku þátt í verkefninu í Myllubakkaskóla hefðu öðlast raunsærri mynd af eigin möguleikum (Margrét Pála Ólafsdóttir, 2000). Lítið hefur verið um rannsóknir á langtímaáhrifum jafnréttisverkefna í líkingu við Hjallastefnuna. Margrét Pála rannsakaði þó, eins og áður hefur verið sagt frá, áhrif kynjaskiptingar meðal nemenda í 1. og 2. bekk og svo í 5. og 6. bekk.

Eftirfarandi skýrsla byggir á rannsóknnum sem höfðu það að markmiði að skoða hagi og líðan Hjallaskólanemenda og sérstaklega er lítið til þeirra þátta sem liggja til grundvallar Hjallastefnunni. Þannig var sérstök áhersla lögð á að skoða viðhorf til kynjahlutverka og staðalmynda, félagslegrar stöðu, sjálfstrausts og viðhorf til náms og námsárangur. Þá byggir skýrslan að hluta til á rannsóknunum Ungt Fólk sem eru lagðar fyrir árlega (8. -10. bekk) og annað hvert ár (5. - 7. bekk) af Rannsóknnum og greiningu. Einnig var sérstaklega lögð fyrir rannsókn í tveimur unglíngadeildum í Garðabæ þar sem árangur og viðhorf fyrrum nemenda Hjallastefnunnar í Garðabæ var skoðaður. Þá var send út rannsókn meðal foreldra barna í Hjallastefnunni auk samanburðarhóps foreldra barna úr öðrum skólum til að mæla viðhorf, ánægju og áherslur foreldra varðandi skólastarfið. Eins var gerð símakönnun meðal foreldra þar sem skoðað var viðhorf til Hjallastefnunnar og sýn foreldra á skólastarf. Tekin voru viðtöl við tíu fyrrum nemendur í Hjallaskóla fædda á árunum 2000 til 2002. Allir nemendur í 2. bekk í Hjallastefnuskólum voru lestrarprófaðir með eftirfylgniprófinu Leið til læsis (Lesfími B2). Einnig voru tekin viðtöl við fjóra kennara í Hjallastefnuskólum ásamt tveimur rýnihópaviðtölum sem samanstóð af fimm kennurum hvor, úr tveimur skólum Garðabæjar.

## 2. Aðferð og gögn

Eftirfarandi skýrsla byggir á eftirfarandi könnunum og viðtölum sem framkvæmdar voru á tímabilinu 2014 – 2016 meðal núverandi og fyrrum nemenda í Hjallastefnuskólum sem og foreldrum núverandi og fyrrum nemenda í Hjallstefnuskólum.

- Viðtöl við fjóra kennara Hjallastefnunnar haustið 2014.
- Rýnihópaviðtal við tíu kennara tveggja grunnskóla í Garðabæ haustið 2014.
- Ungt fólk í 5. - 7. bekk á landinu á vegum Rannsóknna og greiningar í febrúar 2015.
- Foreldrakönnun *Barnið þitt og skólinn* – send út á netinu í mars 2015.
- Sérstök fyrirlögn *Hagir og líðan* sem lögð var fyrir 8. - 9. bekk í Garðaskóla og Sjúalandsskóla í apríl 2015.
- Símakönnun þar sem hringt var í forelda fyrrum nemenda í Hjallastefnuskólum á tímabilinu desember 2015- mars 2016 og þeirra sýn fengin á skólastarf Hjallastefnuskóla.
- Lestrarprófun í 2. bekk í Hjallastefnuskólum í janúar 2016. Leið til læsis – Lesfimi B2 staðlað eftirfyllgnipróf var notað.
- Ungt fólk 8. – 10. bekkur á landinu á vegum Rannsóknna og greiningar í febrúar 2016.
- Viðtöl við 10 fyrrum nemendur í Hjallastefnuskóla á aldrinum 13 - 15 ára (fæddir 2000-2002) í mars – apríl 2016.

### 2.1 Ungt fólk í 5. – 7. bekk árið 2015

Ungt fólk spurningalistakönnun Rannsóknna & greiningar er lögð fyrir grunnskólanemendur í 5., 6. og 7. bekk á landsvísu annað hvert ár. Þessi fyrirlögn sem hér er unnið úr var lögð fyrir í febrúar 2015. Könnunin inniheldur margvíslegar spurningar um hagi og líðan barna á miðstigi grunnskólans. Í könnunina voru sértækar spurningar sem lutu að viðhorfum til kynhlutverka, sérstaklega miðaðar að því að skoða viðhorf nemenda í Hjallastefnuskólum í samanburði við aðra nemendur. Framkvæmd könnunarinnar fór fram á þann hátt að spurningalistar voru sendir í skólana þar sem kennarar sáu um fyrirlögn. Allir nemendur sem sátu í kennslustundum daginn sem hver könnun fór fram svöruðu spurningalistunum. Með spurningakönnun fylgdi ómerkt umslag sem nemendur settu könnunina í að útfyllingu lokinni. Nemendur voru minntir á að skrifa hvorki nafn né kennitölu á spurningalistana né umslögin svo útilokað væri að rekja svörin til einstakra nemenda. Jafnframt voru nemendur vinsamlegast beðnir um að svara öllum spurningunum eftir bestu vitund og biðja um hjálp ef á þyrfti að halda. Í heild fengust gild svör frá 11267 þátttakendum í 5. til 7. bekk á landsvísu sem jafngilti 90,1% svarhlutfalli. Af höfuðborgarsvæðinu voru alls 6772 þátttakendur og var

dregið 500 nemenda hlutfallslegt lagskipt slembiúrtak úr 5., 6. og 7. bekk úr þeim hópi til samanburðar við nemendur í Hjallastefnuskólum. Í töflu 1 má sjá fjölda þátttakenda skipt eftir bekkjadeild og nemendum Hjallastefnuskóla og nemendum í úraki úr öðrum skólum á höfuðborgarsvæðinu, árið 2015.

Tafla 1. Fjöldi þátttakenda skipt eftir bekkjadeild og nemendum Hjallastefnuskóla og annarra skóla á höfuðborgarsvæðinu, árið 2015.

	Hjallastefnan	Úrtak af höfuðborgarsvæðinu	Alls
<b>5.bekkur</b>	57	290	347
<b>6. bekkur</b>	24	122	146
<b>7. bekkur</b>	17	87	104
<b>Alls:</b>	98	499	<b>597</b>

## 2.2 Foreldrakönnunin Barnið þitt og skólinn

Foreldrakönnunin *Barnið þitt og skólinn* var send út til allra foreldra nemenda í Hjallastefnuskólum auk þess sem sent var út til samanburðarskóla, bæði leik- og grunnskóla. Markmið könnunarinnar var að skoða viðhorf foreldra/forráðamanna til ýmissa þátta sem tengjast skólastarfi. Alls fengust svör frá 1872 foreldri, þar af 1081 foreldri barns úr Hjallastefnunni og 818 foreldrum barna úr samanburðarskólum. Könnunin gefur því möguleika á samanburði á viðhorfum, ánægju og áherslum foreldra barna í Hjallastefnuskólum og foreldra barna í öðrum skólum. Af þátttakendum voru alls 538 þátttakendur sem áttu börn á leikskólastigi, 614 þátttakendur áttu börn á grunnskólastigi og 720 þátttakendur áttu börn á bæði leik- og grunnskólastigi. Ef foreldrar áttu börn bæði í grunnskóla og leikskóla, var úthlutað með slemmbni hvort þau svöruðu könnuninni fyrir leikskólastig eða grunnskólastig. Í töflu 2 má sjá skiptingu þátttakenda.

Tafla 2. Skipting þátttakenda eftir því hvort þau eiga barn/börn á leikskólastigi eða grunnskólastigi og hvort þau eiga barn/börn í Hjallastefnugrunnskóla/Hjallastefnuleikskóla eða öðrum skólum/leikskólum.

	Hjallastefnan	Aðrir	Alls
<b>Foreldrar leikskólabarna</b>	406	132	538
<b>Foreldrar grunnskólabarna</b>	224	390	614
<b>Foreldrar bæði leik- og grunnskólabarna</b>	434	286	720
<b>Alls:</b>	1064	808	<b>1872</b>

### 2.3 Garðaskóli og Sjálandsskóli, 8. – 9. bekkur, fyrrum nemendur Hjallastefnunnar í Garðabæ

Barnaskóli Hjallastefnunnar tók til starfa haustið 2003 í Garðabæ og haustið 2010 var farið af stað með fyrsta árgang á miðstigi í Barnaskóla Hjallastefnunnar í Garðabæ. Barnaskóli Hjallastefnunnar á Vífilsstöðum (BSK Vífilsstöðum) var eini Hjallastefnuskólinn sem var með yngsta stig frá 1.- 4. bekk, ásamt því að hafa miðstig frá 5. -7. bekk þegar þessi rannsókn var gerð. BSK Vífilsstöðum útskrifaði í fyrsta skiptið nemendur úr 7. bekk vorið 2013 og hóf stór hluti þeirra nemenda nám í unglingadeildum Sjálandsskóla og Garðaskóla þá um haustið. Tvær unglingadeildir eru í Garðabæ sem sjá um menntun nemenda í 8. -10. bekk fyrir öll hverfi bæjarins. Þannig gaf fyrirlögn í Garðaskóla og Sjálandsskóla tækifæri til þess að skoða almenna námsframvindu, hagi og líðan fyrrum nemenda í Hjallastefnuskólum sem voru í unglingadeild í samanburði við aðra nemendur. Þegar fyrirlögnin var gerð árið 2015 höfðu tveir árgangar nemenda úr BSK Vífilsstöðum hafið nám í unglingadeildum Garðabæjar og voru því í 8. og 9. bekk. Í Garðaskóla eru um það bil 480 nemendur í 8. –10. bekk en í Sjálandsskóla eru um 270 nemendur í 1. – 10. bekk, þar af 80 í unglingadeild. Leyfi var fengið hjá stjórnendum skólanna tveggja, Garðaskóla og Sjálandsskóla til að leggja fyrir spurningalistann *Hagir og líðan* í 8. og 9. bekk haustið 2015, með það að markmiði að ná til sem flestra fyrrum nemenda Hjallastefnunnar í Garðabæ.

Umsjónarkennarar í 8. og 9. bekk sáu um að leggja könnunina fyrir í umsjónartíma. Með hverjum spurningalista fylgdi ómerkt umslag sem nemendur settu spurningalistann í eftir að hafa svarað spurningunum. Jafnframt voru nemendur vinsamlegast beðnir um að svara öllum spurningum eftir bestu samvisku og biðja um hjálp ef þeir þyrftu á að halda. Ítrekað var við nemendur að svör þeirra væru órekjanleg og að þeir skyldu ekki setja nafn eða önnur auðkenni á spurningalistann eða umslagið. Þegar nemendur skiluðu listunum í lokuðu umslagi settu kennarar fjögurra stafa númer á umslagið sem hverjum nemenda hafði verið úthlutað svo hægt væri að tengja saman einkunnir og spurningalista án nafna eða

auðkenna frá nemendum þannig að nafnleysi þátttakenda væri tryggt. Í heild fengust gild svör frá 302 nemendum í 8. og 9. bekk í Garðaskóla og Sjálandsskóla. Svarhlutfall var 90,2% í Sjálandsskóla og 81,9% í Garðaskóla. Í töflu 3 má sjá fjölda og skiptingu þátttakenda.

Tafla 3 Fjöldi þátttakenda eftir kyni og hvort þeir voru áður í BSK Vífilsstöðum eða öðrum grunnskólum Garðabæjar.

	Nemendur úr BSK Vífilsstöðum	Nemendur úr öðrum skólum Garðabæjar	Alls:
<b>8. bekkur</b>	41	105	144
<b>9. bekkur</b>	46	110	156
<b>Alls:</b>	87	215	<b>302</b>

## 2.4 Símakönnun meðal foreldra

Hringt var í 41 forráðamann fyrrum nemenda (fædda 2000-2002) í Hjallastefnuskólum frá Háskólanum í Reykjavík á tímabilinu desember 2015 til mars 2016. Markmið símakönnunar var að fá sýn og viðhorf foreldra á starf Hjallastefnunnar sem og upplifun þeirra á líðan barna sinna í skólanum og hvernig þeim gekk að aðlagast í nýjum skóla. Framkvæmd könnunarinnar var með þeim hætti að fenginn var aðgangur frá Hjallastefnunni að símanúmerum forráðamanna fyrrum nemenda í Hjallastefnuskólum. Tekið var 65 manna slembiúrtak úr foreldrahóp nemenda fæddum 2000 – 2002. Alls fékkst 63% svarhlutfall.

Símtalið byrjaði á eftirfarandi texta:

*„Góðan dag, X heiti ég og er að hringja frá Háskólanum í Reykjavík. Háskólinn í Reykjavík er að vinna að rannsókn sem snýr að úttekt á grunnskólum Hjallastefnunnar. Nafn þitt kom upp þar sem þú hefur átt barn í Hjallastefnuskóla. Könnunin tekur um það bil þrjár til fjórar mínútur.*

*Áður en við byrjum ber mér að taka fram að þér er ekki skylt að svara einstaka spurningum og mér ber einnig að taka fram að fullrar nafnleyndar er heitið“.*

Að könnun lokinni var forráðamönnum þökkuð þátttakan í könnuninni. Að sama skapi var óskað eftir því að fá viðtal við barn viðkomandi ef barnið var tilbúið til þess. Tilgangurinn með því var að fá sýn og upplifun barnsins á veru þess í Hjallastefnuskóla. Ef leyfi var veitt fyrir slíku viðtali var forráðamanni tilkynnt að hann fengi í framhaldinu upplýst samþykki sem forráðamaður var beðinn um að undirrita og senda til baka við fyrsta tækifæri. Endursending mátti vera í formi skannaðrar undirskriftar, undirritun og svo skönnun, eða í hefðbundnum pósti sem var forráðamönnum að kostnaðarlausu.



## 2.5 Lesfimi – Lestrarkönnun meðal nemenda í 2. bekk í Hjallastefnuskólum

Einn liður þessarar rannsóknar felur í sér að kanna læsi nemenda í 2. bekk í Hjallastefnuskólum. Var sú leið farin að skoða stöðu nemenda í 2. bekk í Hjallastefnuskólum með stöðluðu prófi, *Leið til læsis (LTL)*, sem notað hefur verið á landsvísu. LTL er eftirfylgnipróf og voru nemendur kannaðir með Lesfimi, B2. Lesfimi er metin út frá leshraða og nákvæmni og táknar leshraði rétt lesin orð á tveimur mínútum.

Framkvæmd lestrarprófunar var með þeim hætti að leyfisbréf var sent frá Hjallastefnuskólum á foreldra allra barna í 2. bekk í Hjallastefnuskólum og foreldrar beðnir um að láta vita ef þeir óskuðu eftir því að barnið væri ekki prófað. Lestrarprófunin fór fram í þremur skólum, Barnaskóla Reykjavíkur, Vífilsskóla og Barnaskólanum í Hafnarfirði. LTL er yfirgripsmikið stuðningskerfi í lestrarkennslu ætlað kennurum frá yngsta stigi grunnskólans og upp á unglingastig (Steinunn Torfadóttir, o.fl., 2011). Tilgangur lesskímunarprófa er að leita eftir ákveðnum veikleikum í grunnþáttum læsis.

Í upphafi fyrirlagnar var prófið lagt fyrir framan nemendurna. Þá fylgdist prófandi vel með lestrinum og villufjöldi var skráður niður á þar til gert blað. Nemendur fengu 120 sekúndur til að ljúka lestrinum og notaður var snjallsími við tímatöku. Ítarleg fyrirmæli fyrir prófendur fylgja prófinu frá Menntamálastofnun og var þeim fylgt í þaula.

Fyrirmæli: “Nú ætla ég að biðja þig að lesa upphátt fyrir mig eins hratt og vel og þú getur. Þú þarft ekki endilega að lesa alla söguna, en heldur bara áfram að lesa þangað til ég segi þér að stoppa. Ertu tilbúin/n?” Þegar nemandi var tilbúinn sagði prófandi: “Nú máttu byrja að lesa”. Við prófunina las nemandinn eins mörg orð og hann gat á nákvæmlega 120 sekúndum. Byrjað var að taka tímann um leið og nemandanum var sagt að byrja. Prófandi merkti við lesinn orðafjölda á skráningarblaðinu þegar nemandi hafði lokið lestri. Ef að nemandi náði að ljúka við lestrartextann innan tveggja mínútna var lestími skráður í sekúndum. Þá má geta þess að prófandinn var sá sami í öllum þremur skólunum.

## 2.6 Ungt fólk 2016, nemendur í 8. -10. bekk

Aðgangur var fengin að gögnum Rannsókna og greiningar sem byggð eru á spurningalistakönnun sem lögð var fyrir alla nemendur í 8. til 10. bekk á Íslandi í febrúarmánuði árið 2016. Spurningalistar voru sendir í alla skóla á landinu þar sem kennarar sáu um að leggja þá fyrir eftir skýrum fyrirmælum. Með þessari fyrirlögn fylgdi aukablað fyrir nemendur í Garða- og Sjálandsskóla en þar voru nemendur beðnir um að merkja við þá/þann skóla sem þeir höfðu gengið í frá 1. bekk. Markmiðið var að greina frá fjöldanum fyrrum nemendur BSK Vífilsstöðum og athuga gengi þeirra í námi og líðan í samanburði við aðra nemendur. Með hverjum spurningalista fylgdi ómerkt umslag sem þátttakendur settu listann í að útfyllingu lokinni. Spurningalistakönnunin er ópersónurekjanleg þar sem nemendur eru beðnir um að rita hvorki nafn sitt né

kennitölu. Þá voru þeir vinsamlegast beðnir um að svara öllum spurningunum eftir bestu samvisku og biðja um hjálp ef þeir þyrftu á að halda. Allir nemendur sem sátu í kennslustundum daginn sem könnunin fór fram svöruðu spurningalistanum. Samtals fengust gild svör frá 3478 nemendum í 8. bekk, 3507 nemendum í 9. bekk og 3572 í 10. bekk. Heildarsvarhlutfall á landsvísi var 86,0% (Rannsóknir og greining, 2016). Dregið var 400 nemenda slembiúrtak úr nemendum skóla höfuðborgarsvæðisins til samanburðar við fyrri nemendur BSK Vífilstöðum og aðra nemendur í unglingadeildum Garðabæjar. Í töflu 4 má sjá skiptingu þátttakenda eftir skólum og bekkjadeildum.

Tafla 4. Fjöldi þátttakenda eftir hvort þeir voru áður í BSK Vífilstöðum, öðrum skólum Garðabæjar eða skóla á höfuðborgarsvæðinu.

	Fyrrum nemendur BSK Vífilstöðum	Nemendur úr öðrum skólum Garðabæjar	Úrtak úr skólum á höfuðborgarsvæðinu	Alls:
<b>8. bekkur</b>	31	135	142	308
<b>9. bekkur</b>	38	131	134	303
<b>10. bekkur</b>	41	96	120	257
<b>Alls:</b>	110	362	396	<b>868</b>

## 2.7 Viðtöl

### 2.7.1 Viðtöl við kennara Hjallastefnunnar

Viðtöl voru tekin við fjóra starfsmenn Hjallastefnunnar í nóvember og desember 2014, með það að markmiði að fá betri innsýn í áhersluþætti stefnunnar auk þess sem viðtölin voru nýtt við gerð foreldrakönnunar. Innan eiginlegra rannsókna eru hálfopin viðtöl mikið notuð aðferð til gagnaöflunar, en í þeim gefst viðmælendum kostur á að tjá skoðanir sínar og reynslu. Ákveðnum spurningaramma var lauslega fylgt, til að fá svör við ákveðnum spurningum sem rannsakendur lögðu upp með.

**Þátttakendur:** Val á viðmælendum var eðli málsins samkvæmt kennurum í Hjallastefnunni. Farið var eftir ábendingum og fengnir til þátttöku kennarar sem höfðu bæði reynslu og þekkingu á starfi Hjallastefnunnar. Tekin voru viðtöl við einn karlmann og þrjár konur. Allir viðmælendur fengu dulnefni til að uppfylla trúnaðarskyldu. Þegar vitnað verður í viðmælendum verða notuð dulnefni: Kennari eitt, kennari tvö, kennari þrjú og kennari fjögur.

**Framkvæmd og gagnaöflun:** Samskipti við viðmælendur og skipulagning fór fram í gegnum viðmælendurna sjálfa. Viðtölin voru tekin á tímabilinu nóvember – desember 2014 og tóku um 30 - 45 mín hvert. Viðtölin voru tekin á vinnustað viðmælenda og voru tekin upp á upptökutæki og afrituð. Samhliða gagnaöflun gerði rannsakandi athugasemdir við það sem vakti sérstakan áhuga, til að auðvelda úrvinnslu gagnanna síðar í ferlinu. Í upphafi viðtala var viðmælendum tjáð að nafnleyndar væri gætt. Fyrirfram hafði rannsakandi útbúið grófan viðtalsramma svo allir viðmælendur fengu sömu grunnspurningar. Sami rannsakandi tók öll viðtölin.

**Greining gagna:** Unnið var úr gögnunum á þann veg að þau voru prentuð út, lesin ítrekað og leitað eftir mynstri (kóðun) sem mynduðu heildarmynd á skoðunum viðmælenda. Leitast var við að finna ákveðin þemu sem greina mátti í svörum viðmælenda.

**Helstu kostir viðtala:** Hægt er að fá fjölbreytileg rannsóknargögn með viðtölum og viðtöl geta verið mjög öflug leið til að svara ákveðnum rannsóknarspurningum sem settar hafa verið fram (Sóley S. Bender, 2003). Þá geta viðtöl verið góð viðbót við meginlega rannsóknaraðferð, þar sem færi gefst á að spyrja þátttakendur frekar út í þeirra upplifanir, skynjun, hugmyndir og skoðanir (Sóley S. Bender, 2003).

**Helstu gallar viðtala:** Skynjun á raunveruleikanum og viðfangsefninu er byggð á túlkun sem er síbreytileg og upplifunum viðmælenda. Eins þarf að vanda spurningar og orðalag þeirra og úrvinnsla gagna getur verið mjög tímafrek (Sóley S. Bender, 2003).

**Siðferðileg álitamál:** Viðtölin voru við kennara og öll fyrirliggjandi gögn sem unnið var með við gerð rannsóknarinnar eru trúnaðarmál. Vörslu slíkra upplýsinga fylgir trúnaðarskylda gagnvart þátttakendum. Þar sem brýnt er að uppfylla slíka trúnaðarskyldu gagnvart viðmælendum fengu þeir allir dulnefni. Gögnum var eytt að afritun og greiningu lokinni.

### 2.7.2 Rýnihópaviðtöl

**Rýnihópar:** Rýnihópur var myndaður af sex kennurum í Garðaskóla og fimm kennurum Sjúlandsskóla í mars 2015. Markmiðið var að fá sýn kennara á námsgengi og aðlögun fyrrum nemenda í Hjallastefnuskólum. Kennarar voru að fullu upplýstir fyrir viðtölin hvað þeir væru að fara að ræða og hvernig umræðum yrði háttað. Kennarar í rýnihópum eitt og tvö fengu heitin: Kennari eitt, kennari tvö, kennari þrjú, kennari fjögur og kennari fimm og tekið verður fram í umfjölluninni hér á eftir hvort þeir tilheyrðu rýnihóp eitt eða tvö. Rýnihópar eða hópviðtöl (focus groups) er eigindleg rannsóknaraðferð sem

---

er notuð til að öðlast betri skilning á viðhorfum og reynslu tiltekins hóps fólks sem á skoðanaskipti um fyrirfram ákveðin málefni. Tilgangurinn er að skoða mismunandi viðhorf og reynslu fólks. Mikilvægt er að hópurinn sé ekki of stór en nægilega stór til að flestir taki virkan þátt, en að sama skapi komi fram ólíkar skoðanir og sjónarhorn. Markmiðið er ekki að sækjast eftir sameiginlegu álitni hópsins eða samþykki hans (Sóley S. Bender, 2003).

**Framkvæmd og gagnaöflun:** Viðtöl við kennara fóru fram á vinnustað þeirra í lokuðu rými. Allir kennarar höfðu verið upplýstir um umræðuefnið og þeim hafði verið kynnt að þátttaka þeirra væri með öllu ópersónurekjanleg. Ákveðnar spurningar voru lagðar fram af rannsakendum og umræðan tekin upp á upptökutæki fyrir rannsakendur að greina upplýsingar og gögn. Tveir prófendur voru á staðnum, annar ritaði frekari upplýsingar niður (athugandi) sem sneru að athyglisverðum áherslum kennara, hugmyndum, hverjir voru virkir í umræðum og svo framvegis. Hinn prófandinn stjórnaði umræðum (stjórnandi). Markmiðið með rýnihópaviðtölunum var ekki að fá hópinn til að komast að sameiginlegri niðurstöðu heldur að fá fram ólíkar skoðanir og gildi og hlusta á hópinn ræða saman.

**Greining gagna:** Hlustað var margoft á upptökur úr viðtölum og hlustað eftir þeim. Viðtölin voru svo afrituð orð frá orði og flokkað eftir þeim. Þá var einnig tekið tillit til handskrifaðra athugasemda frá því í viðtölunum sjálfum.

**Helstu kostir rýnihópa:** Rýnihópar veita dýpri innsýn og umræður um umfjöllunarefnið og eru helstu kostirnir þeir að hægt er að safna fjölbreyttum gögnum frá mörgum einstaklingum á nokkuð ódýran hátt. Þá er aðferðin sveigjanleg sem byggir á samskiptum fólks þar sem misunandi skoðanir koma fram. Rýnihópar henta sérlega vel þegar ekki er mikil þekking til staðar á viðfangsefninu (Sóley S. Bender, 2003).

**Helstu gallar rýnihópa:** Helstu gallar rýnihópa eru að samræður geta orðið einsleitar og á köflum ruglingslegar. Þá getur einnig gagnaúrvinnsla verið erfið. Eins geta umræður í rýnihópum leitt svonefndrar hóphugsunar en það er þegar aðili/aðilar innan hópsins tjá sig meira en hinir og taka yfir stjórn á umræðum og þagga jafnvel niður í hinum þátttakendum. Stjórnandi á þó að geta komið í veg fyrir að slíkt gerist. Umræður í rýnihópum hafa ekki alhæfingargildi og ekki er hægt að yfirfæra niðurstöður úr einum hóp yfir á annan (Sóley S. Bender, 2003).

**Siðferðileg álitamál:** Mikilvægt er að fara eftir reglum varðandi skráningu og meðferð persónuupplýsinga, ef ætlunin er að fá slíkar upplýsingar þegar unnið er með fólki í rýnihópum. Þegar þátttakendur eru valdir í hópinn er mikilvægt að þeir viti hver tilgangur viðtalsins sé og til hvers er ætlast af þeim í hópnum (Gibbs,

1997). Allir þátttakendur þurfa að vera upplýstir um að nafnleyndar er gætt og að ekkert sem fram kemur í umræðunni er rekjanlegt til einstaklinga. Eins er nafnleyndar gætt þegar gögnin eru greind (Gibbs, 1997). Þátttakendum er einnig gerð grein fyrir mikilvægi upptökutækis og að upptökum verði eytt eftir gögnin hafa verið greind (Sóley S. Bender, 2003).

### 2.7.3 Viðtöl við fyrrum nemendur Hjallastefnunnar

Í kjölfarið af símaviðtölum við foreldra var fengið leyfi til að taka viðtöl við 10 fyrrum nemendur Hjallastefnunnar. Markmiðið með viðtölunum var að fá sýn nemenda á þætti er lúta að almennri líðan, viðhorfum til náms og Hjallastefnunnar, námsgengis og sjálfsmýnd nemendanna.

**Þátttakendur:** Viðtöl voru tekin við tíu einstaklinga sem allir eiga það sameiginlegt að vera núverandi eða fyrrverandi nemendur í Hjallastefnunni. Valið á viðmælendum fór eftir því hvort þeir höfðu stundað nám í Hjallastefnuskólum og því hvort foreldrar þeirra veittu leyfi til viðtala. Eins var mikilvægt að hafa nokkuð jafnt kynjahlutfall. Tekin voru viðtöl við sex drengi og fjórar stúlkur. Allir viðmælendur fengu dulnefni til að trúnaðarskylda væri uppfyllt. Þegar vitnað verður í viðmælendum verða notuð dulnefni: Sigurður, Þórdís, Kormákur, Breki, Rakel, Erna, Svanhildur, Guðmundur, Sigurjón og Guðjón.

**Framkvæmd og gagnaöflun:** Í flestum tilfellum fór skipulagning á viðtölum í gegnum foreldrana, en í einu tilfelli þar sem stúlka var komin í menntaskóla, fóru samskiptin beint í gegnum hana. Viðtölin voru tekin á tímabilinu mars – apríl 2016 og tóku um 20 mín hvert. Þá voru viðtölin tekin á þeim stað sem hentaði viðmælendum best. Viðtölin voru tekin upp á upptökutæki og afrituð orðrétt. Samhliða gagnaöflun gerði rannsakandi athugasemdir, ef eitthvað sérlega áhugavert vakti athygli hans, til að auðvelda úrvinnslu gagnanna síðar í ferlinu. Í upphafi viðtalanna var viðmælendum tjáð að nafnleyndar væri gætt. Fyrirfram hafði rannsakandi útbúið grófan viðtalsramma svo allir viðmælendur fengu sömu grunnspurningar. Þá má taka fram að sami rannsakandi tók öll viðtölin.

**Greining gagna:** Unnið var úr gögnunum á þann hátt að þau voru prentuð út og leitað eftir mynstri sem mynda heildarmynd skoðana viðmælenda. Leitast var við að finna ákveðin þemu sem greina mátti í svörum viðmælenda.

**Siðferðileg álitamál:** Viðtölin voru við unglinga og öll fyrirliggjandi gögn sem unnið var með við gerð rannsóknarinnar eru trúnaðarmál. Vörslu slíkra upplýsinga fylgir trúnaðarskylda gagnvart þátttakendum.

---

Þar sem brýnt er að uppfylla slíka trúnaðarskyldu gagnvart viðmælendum fengu þeir allir dulnefni. Gögnum var eytt að afritun og greiningu lokinni.

### 3. Námsárangur

Ísland hefur þó nokkra sérstöðu þegar kemur að jöfnuði í skólakerfinu þar sem mjög lítil tengsl eru milli árangurs og þjóðfélagstöðu nemenda. Þannig er lítill munur milli íslenskra skóla þó dreifing innan hvers skóla sé töluverð. Þannig sýndu niðurstöður alþjóðlegu samanburðarrannsóknarinnar PISA árið 2012 að 6,3% af breytileika í lesskilningi mátti skýra með þjóðfélagsstöðu foreldra samanborið við tæp 15% að meðaltali í OECD löndunum. Það má því segja að hér á landi sé jöfnuður til menntunar mikill og að miklu leyti óháður þjóðfélagsstöðu foreldra. Þetta er ólíkt því sem má sjá í mörgum öðrum OCED löndum og mætti því ætla að árangur íslenskra nemenda ætti að vera betri en raun ber vitni (Almar M. Halldórsson, Ragnar F. Ólafsson og Júlíus K. Björnsson, 2012).

Talsverðar umræður hafa verið um námsgengi íslenskra ungmenna undanfarin ár. Það hefur verið áhyggjuefni að lesskilningi hefur hrakað frá fyrstu mælingu PISA- rannsóknarinnar (2000) og er samanburður við meðaltal annarra landa orðinn óhagstæður. Slíkar áhyggjur eru skiljanlegar, ekki síst vegna þess að lestrarfærni er forsenda virkrar þátttöku í lýðræðissamfélagi og getur slakur lesskilningur haft neikvæð áhrif á námsárangur sem og önnur tækifæri í lífinu (Steinunn Torfadóttir, 2011). Mælingar PISA-rannsóknarinnar 2012 sýndu að við lok grunnskóla eru um 23% 15 ára íslenskra drengja sem geta ekki lesið sér til gagns og um 9% stúlkna. Það merkir að þessi hópur nær ekki hæfnisprepi tvö í lesskimunarprófum, eða að í einhverjum tilvikum skilja þeir ekki megininntak lesins texta og sjá ekki tengsl efnis á ólíkum stöðum eða getað mótað sér skoðun á upplýsingum. Ástæða þessa lesvanda er óljós en vafalaust má rekja það til samspils margra flókinna þátta (Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, o.fl., 2011).

Íslenskar rannsóknir hafa sýnt að drengjum leiðist frekar í skóla en stúlkum og að þeir upplifi síður hrós frá kennurum sínum. Einnig hafa rannsóknir sýnt að drengir eru líklegri til þess að finnast námið leiðinlegt (Hrefna Pálsdóttir, o.fl., 2014). Mikilvægur partur af góðum námsárangri er að nemendur séu áhugasamir um námið. Rannsóknir hafa sýnt að nemendur sem eru jákvæðir í garð skólans og líði vel í honum eru líklegri en aðrir nemendur til leggja á sig það sem þarf til að sinna náminu sínu vel og ná árangri (Sanders, 1998). Þá hafa rannsóknir síðastliðinna 20 ára sýnt það að námsárangur er ekki aðeins bundinn við þætti innan skóla, heldur hafa þættir í nærumhverfi hvers og eins áhrif á árangur (Bean, Bush, McKenry, & Wilson, 2003; Coleman, 1988; Fass & Tubman, 2002; Sheldon & Epstein, 2005). Má þar nefna hvatningu og stuðning foreldra og forráðamanna, jafningjahópinn og þann lífsstíl sem nemendur búa við hverju sinni (Farkas, 2003; Coleman, 1988; Sheldon & Epstein, 2005).

---

Í Hjallstefnuskólum er lagt upp úr því að mæta hverjum og einum nemanda á hans forsendum. Þar þurfa nemendur ekki að sinna heimanámi nema í lestri og ekki eru hefðbundnar frímínútur. Notast er við óhefðbundin leikföng og skólabúningur er notaður í skólanum (Námskrá Barnaskóla Hjallstefnunnar, 2013).

Fáar rannsóknir eru til um kynjaskipta skóla og eru Hjallstefnuskólar einsdæmi á Íslandi eins og áður hefur komið fram. Víða erlendis tengist kynjablöndun í skólum gjarnan trúarlegum þáttum og er því slík blöndum á öðrum forsendum en kynjaskipting í Hjallstefnuskólum. Þá sýndi Smyth (2010) fram á í safngreiningu (meta-analysis) sinni að meira virðist bera á drengjum í kennslustundum, þ.e. þeir gæmja fram í eða hrópa svörin í stað þess að rétta upp hönd og eru frekar ráðandi í verklegum athöfnum. Þá þykja drengir trufla meira í kennslustundum og upplifa frekar neikvæð samskipti við kennarana sína vegna hegðunar. Smyth (2010) sýndi einnig fram á að lítill einhugur virðist milli rannsakenda um það hvort kynjaskipting sé til góða þegar kemur að námsárangri drengja og stúlkna, þegar litið er til samkennslu (kynjablöndun) og kynjaskiptingar í skólum.

Niðurstöðurnar sem fjallað er um hér á eftir og tengjast námsárangri nemenda eru byggðar á niðurstöðum úr lestrarprófun í 2. bekk Hjallstefnuskólanna. Einnig er farið yfir helstu niðurstöður samræmdra prófa frá árunum 2013 – 2015 í 4. og 7. bekk og námsárangur fyrrum nemenda BSK Vífilsstöðum sem nú stunda nám í unglिंगadeildum Garðabæjar. Eins er í stuttu máli umfjöllun um sjálfuppgæfnar einkunnir nemenda í rannsókninni Ungt fólk 2016.



### 3.1 Lesfimi – Nemendur í 2.bekk í Hjallastefnuskólum


Allir nemendur í 2. bekk í Hjallastefnuskólum voru lestrarprófaðir og má sjá niðurstöður þeirrar prófunar í töflu 5 og á mynd 1. Notað var eftirfylgniþrófið *Leið til læsis* og voru nemendur kannaðir með Lesfimi, B2. Lesfimi er metin út frá nákvæmni og leshraða sem er fjöldi rétt lesinna orða á tveimur mínútum (120 sek). Lestrarnákvæmni er metin út frá villufjölda nemandans þannig að fundin eru hundraðsmörk út frá stöðlun Menntamálastofnunnar. Sem dæmi má nefna nemanda sem gerir 7 villur á útgáfu B2 í Lesfimi, þá er hlutfallið fyrir 7 villur 25% sem þýðir að innan við 25% nemenda á landinu gera álíka margar eða fleiri villur (Steinunn Torfadóttir, 2011).

Nemendur BSK í Reykjavík mældust með marktækt meiri lestrarnákvæmni en BSK Vífilsskóla en ekki var marktækur munur á frammistöðu nemenda í BSK Hjallabraut í Hafnarfirði og BSK í Reykjavík. Í töflu 5 má sjá stöðluð hundraðsmörk fyrir lestrarnákvæmni meðal nemenda í 2. bekk í Hjallstefnuskólum. Sjá má að BSK í Reykjavík hefur hæsta hlutfall nemenda sem hefur lestrarnákvæmni í og yfir meðallagi eða 67%. Þá eru 53% nemenda í BSK Hafnarfirði sem hafa lestrarnákvæmni í og yfir meðallagi en aðeins 46% nemenda í BSK Vífilstöðum. Einnig má sjá að BSK í Reykjavík hefur herra hlutfall nemenda sem í efstu 10% á landsvísu en hinir tveir skólarnir.

Tafla 5. Stöðluð hundraðsmörk fyrir lestrarnákvæmni meðal nemenda í 2. bekk í BSK Reykjavík, BSK Hafnarfirði og BSK Vífilsskóla.

Stöðluð hundraðsmörk fyrir lestrarnákvæmni	BSK í Reykjavík	BSK í Hafnarfirði	BSK Vífilsskóli
<b>Hlutfall nemenda í hæstu 10%</b>	19%	10,7%	0%
<b>Hlutfall nemenda í og yfir meðallagi</b>	67%	53%	46%
<b>Hlutfall nemenda í lægstu 25%</b>	9,5%	14,3%	19,2%

Lesfimi er mæld með samspili leshraða og lestrarnákvæmni. Á mynd 1 má sjá meðal-lesfimi í hverjum skóla fyrir sig. Línan sýnir meðal-lesfimi á landsvísu (65,5). Eins og myndin sýnir þá eru nemendur í öllum Hjallastefnuskólum vel yfir meðal-lesfimi á landsvísu. Taka skal fram að samanburður á meðaltalölum er gefinn upp af Menntamálastofnun miðað við stöðlun tímabilið janúar - febrúar, á árunum 2011 – 2013.




Mynd 1. Meðal-lesfimi nemenda í 2. bekk í BSK Reykjavík, BSK Hjallabraut og BSK Vífilstöðum og meðal-lesfimi á landsvísu.

### 3.2 Árangur á samræmdum prófum


Samræmd próf í 4., 7. og 10. bekk eru haldin árlega og er algengt að um 3900 – 4500 nemendur þreyti prófið. Prófað hefur verið í íslensku og stærðfræði og í 10. bekk er jafnframt samræmt könnunarpróf í ensku. Hér er að neðan er farið yfir námsárangur nemenda í Hjallastefnunni í samanburði við landið. Skoðaðar eru einkunnir úr samræmdum prófum í íslensku og stærðfræði meðal nemenda í Hjallastefnuskólum miðað við landsmeðaltal. Einkunnir eru fengnar frá Menntamálastofnun og eru normaldreifðar á bilinu 0 til 60 (meðaltal 30 og staðalfrávik 10) (Námsmatsstofnun, 2014).

Mynd 2 sýnir meðaleinkunn nemenda Hjallastefnuskóla á samræmdum prófum í stærðfræði árin 2013 - 2015 í samanburði við landsmeðaltal. Þar sést að nemendur í BSK Reykjavík voru undir landsmeðaltali árið 2013, en yfir landsmeðaltali árið 2014 og 2015. Nemendur í BSK Hjallabraut og BSK Vífilstöðum voru yfir landsmeðaltali í stærðfræði árið 2013 og 2014.




Mynd 2. Meðaleinkunnir nemenda í 4. bekk í Hjallastefnuskólum á samræmdum prófum í stærðfræði, árin 2013 – 2015.

Meðaleinkunn nemenda í Hjallastefnuskólum á samræmdum prófum í 4. bekk í íslensku árin 2013 – 2015 má sjá á mynd 3. Nemendur í BSK Reykjavík voru undir landsmeðaltali árið 2013, en yfir landsmeðaltali bæði árin 2014 og 2015. Nemendur í BSK Hjallabraut og BSK Vífilstöðum eru undir landsmeðaltali árið 2015.



Mynd 3. Meðaleinkunnir nemenda í 4. bekk Hjallastefnuskólum í samræmdum prófum í íslensku, árin 2013 – 2015.

Sjá má á mynd 4 að nemendur í BSK Vífilstöðum eru yfir landsmeðaltali á samræmdum prófum í 7. bekk í stærðfræði árin 2013 - 2015, en undir meðaltali í íslensku, nema árið 2015, þá ná þeir landsmeðaltali.




Mynd 4. Meðaleinkunn nemenda BSK Vífilsstöðum á samræmdum prófum í 7. bekk í íslensku og stærðfræði, árin 2013-2015.

### 3.3 Námsárangur fyrrum nemenda Hjallastefnuskóla


#### 3.3.1 Meðaleinkunnir í 8. - 9. bekk Í unglíngadeildum Garðabæjar vorið 2015

Meðaleinkunnir nemenda í 8. - 9. bekk í unglíngadeildum Garðabæjar í íslensku, stærðfræði, ensku og dönsku árið 2015 má sjá á mynd 5. Einkunnir eru greindar niður eftir fyrrum nemendum BSK Vífilsstöðum og öðrum nemendum í unglíngadeildum Garðabæjar. Þar má sjá að fyrrum nemendur BSK Vífilsstöðum eru örlítið hærri en nemendur úr öðrum skólum Garðabæjar. Munurinn er þó lítill og aðeins á mörkum marktektar á íslensku og stærðfræði.



Mynd 5. Meðaleinkunnir nemenda 8. - 9. bekk í unglingadeildum Garðabæjar, vorið 2015. Greint eftir fyrrum nemendum í BSK Vífilsstöðum og nemendum úr öðrum skólum Garðabæjar.

Á mynd 6 má sjá meðaleinkunnir nemenda í 8. - 9. bekk í unglingadeildum Garðabæjar vorið 2015 greint eftir fyrrum nemendum í BSK Vífilsstöðum á yngsta stigi, fyrrum nemendum BSK Vífilsstöðum á bæði yngsta- og miðstigi og nemendum úr öðrum skólum Garðabæjar. Eins og sjá má þá eru fyrrum nemendur BSK Vífilsstöðum sem hafa eingöngu verið í Hjallastefnuskóla á yngsta stigi með hærri meðaleinkunn en þeir nemendur sem hafa bæði verið yngsta- og miðstigi. Þá eru þeir einnig hærri en nemendur í öðrum skólum Garðabæjar.




Mynd 6. Meðaleinkunnir nemenda í 8. og 9. bekk í unglingadeildum Garðabæjar vorið 2015. Greint eftir, fyrrum nemendum í BSK Vífilsstöðum á yngsta stigi, fyrrum nemendum BSK Vífilsstöðum á bæði yngsta- og miðstigi og nemendum úr öðrum skólum Garðabæjar.

### 3.3.2 Sjálfuppgefnar einkunnir nemenda í rannsókninni Ungt fólk 2016

Í rannsókninni Ungt fólk 2016 sem lögð var fyrir á landsvísu í öllum 8. – 10. bekkjum, eru nemendur beðnir um að greina frá því hverjar einkunnir þeirra hafa verið þann veturinn í íslensku, stærðfræði, ensku og dönsku. Rannsóknir hafa sýnt að sjálfuppgefnar einkunnir gefa nokkuð góða vísbendingu um raunverulegar einkunnir nemenda þar sem há fylgni er á milli einkunna sem nemendur greina frá sjálfir og raunverulegra skólaeinkunna þeirra (Anaya, G.,1999; Kuncel, Credé, & Thomas, 2005).

Á mynd 7 má sjá sjálfuppgefnar einkunnir í 8., 9. og 10. bekk úr Ungt fólk rannsókninni 2016, greint eftir fyrrum nemendum BSK á Vífilstöðum, annarra nemenda í Garðabæ og nemenda á höfuðborgarsvæðinu. Eins og sjá má þá eru sömu vísbendingar í sjálfuppgefnum einkunnum nemenda og mátti sjá á rauneinkunnum árið 2015. Þannig eru fyrrum nemendur í BSK Vífilstöðum með örlítið hærri meðaleinkunn í íslensku, stærðfræði og ensku en eru jöfn höfuðborgarsvæðinu í dönsku.



Mynd 7. Sjálfuppgefnar einkunnir nemenda í 8.-10.bekk í íslensku, stærðfræði, ensku og dönsku, árið 2016.

### 3.4 Samantekt

Niðurstöður sýna að meðal-lesfimi nemenda í 2. bekk í Hjallastefnuskólum á eftirfylgniprófinu LTL yfir meðaltali þeirra skóla sem nota prófið á landsvísu. Þá sýndu niðurstöður að munur var á milli skóla þar sem BSK í Hafnarfirði hafði nemendur með mestan leshraða að meðaltali en BSK Reykjavík með nemendur með mestu lestrarnákvæmi.

Þegar litið var til árangurs á samræmdum prófum í íslensku og stærðfræði meðal nemenda í 4.-7. bekk má sjá að árangur er mismunandi milli ára 2013-2015 og eins er hann mismunandi á milli Hjallastefnuskóla. Nemendur í BSK Reykjavík þreyttu samræmt próf í fyrsta sinn árið 2013 og voru þeir þá undir landsmeðaltali bæði í íslensku og stærðfræði en voru vel yfir landsmeðaltali árin, 2014 – 2015. Nemendur BSK Vífilsstöðum voru yfir landsmeðaltali í stærðfræði 2013 – 2015 auk þess sem þeir voru yfir landsmeðaltali í íslensku 2013 en rétt undir 2014 - 2015. Nemendur í BSK Hjallabraut voru yfir landsmeðaltali í bæði íslensku og stærðfræði 2013 og 2014 en undir árið 2015. Þess ber þó að geta að BSK Hafnarfirði er ekki undir meðaltali Hafnarfjarðar. Þegar samræmd próf í 7. bekk voru skoðuð mátti sjá að nemendur í BSK Vífilsstöðum voru yfir landsmeðaltali í samræmdum prófum í 7. bekk í stærðfræði árin 2013-2015, en undir meðaltali í íslensku, nema árið 2015, þá eru þeir í landsmeðaltalinu.

Námsárangur fyrrum nemenda BSK Vífilsstöðum í unglingadeildum Garðabæjar árið 2015 sýnir að meðaleinkunnir í íslensku, stærðfræði, ensku og dönsku eru hærri meðal fyrrum nemenda BSK Vífilsstöðum en nemenda úr öðrum skólum Garðabæjar. Munurinn telst þó ekki mikill og er aðeins á mörkum marktæktar í íslensku og stærðfræði. Eins mátti sjá að nemendur sem hafa eingöngu verið í BSK Vífilsstöðum á yngsta stigi voru með hærri meðaleinkunn en þeir nemendur sem hafa verið bæði á yngsta- og miðstigi. Þá eru þessir nemendur einnig hærri en nemendur í öðrum skólum Garðabæjar.

## 4. Viðhorf til náms

Á undanförunum áratugum hafa rannsakendur sýnt fram á að jákvæð viðhorf og trú á eigin getu eru þættir sem hafa áhrif á námsárangur barna og ungmenna (Atkinson, 1964; Bandura, 1993, 1997; Weiner, 1985). Bandura (1993) vildi meina að upplifun nemenda á eigin getu hefði afgerandi áhrif á námsframvindu þeirra, bæði hvað varðar áhuga, stefnu og árangur. Ýmsar rannsóknir hafa stutt þetta og sýndu til dæmis Pintrich og Schunk (1996) fram á að nemendur sem hafa jákvætt viðhorf til eigin getu eru líklegri til þess að leggja sig meira fram og standa sig betur í námi. Wigfield og Eccles, (2002) tóku í sama streng og sýndu fram á að trú á eigin getu var sterkur forspárþáttur fyrir námsárangur jafnvel þegar stjórnað var fyrir fyrri árangri nemenda í námi. Aðrir rannsakendur hafa þó bent á að jákvætt viðhorf til náms og námsárangur séu sitthvor hliðin á sama skildingnum þannig að góður árangur stuðli jafnframt að jákvæðu viðhorfi til eigin getu á sama hátt og trú á eigin getu stuðlar að góðum námsárangri (Marsh o.fl., 2005). Þannig sé jákvætt viðhorf til náms og eigin getu og góður námsárangur samverkandi þættir sem stuðla að auknum áhuga og velgengni nemenda í námi.

Á Íslandi hefur þetta einnig verið skoðað og sýndu Amalía Björnsdóttir og félagar (2008) fram á það í rannsókn sinni á viðhorfum nemenda, að mælingar á trú á eigin getu í 6. bekk höfðu jákvæða fylgni við námsárangur í 7. bekk. Rannsakendur hafa einnig bent á að áhugi nemenda á tilteknu fagi hafi töluvert að segja bæði um hversu mikið nemendur leggja sig fram og hversu vel nemendum gengur í því fagi (Eccles o.fl., 1983). Samkvæmt Nurmi and Aunola (2005) mynda nemendur sér fljótlega skoðun á því hvaða námsgreinar eru áhugaverðar þegar líða fer á grunnskólann og minnkar þá áhuginn gjarnan á öðrum námsgreinum. Námsáhugi breytist einna mest þegar farið er frá barnaskólastigi yfir á miðstig og við 12 ára aldur fer námsáhugi dvínandi. Leiða má líkum að því að margt breytist í námsumhverfi barna þegar komið er upp á miðstig, námið þyngist, verður meira krefjandi og kennsluhættir breytast. Slíkir þættir eru taldir geta dregið úr námsáhuga margra nemenda. Sumir rannsakendur hafa því bent á að skoða eigi dvínandi áhuga nemenda á námi með tilliti til þroskabreytinga, þar sem þeir með auknum þroska fá mótaðri skoðanir og verða færari í að hafa áhrif á námsaðstæður sínar (Anderman & Midgley, 1997; Eccles, o.fl., 1993; Snowman & Biehler, 2006).

Hér á eftir er fjallað um spurningar tengdar námi og viðhorfi til náms úr könnunum *Hagir og líðan* í Garðaskóla og Sjúalandsskóla, Ungt fólk 5. – 7. bekk 2015 og Ungt fólk 8. – 10. bekk 2016.




#### 4.1.1 Viðhorf nemenda í 5. – 7. bekk

Nemendur í 5. – 7. bekk voru spurðir út í viðhorf þeirra til lestrar árið 2015. Nemendur voru spurðir hvort þeim fyndist skemmtilegt eða leiðinlegt að lesa bækur og hvort þeim fyndist erfitt eða auðvelt að lesa bækur. Eins og tafla 6 sýnir er hærra hlutfall Hjallastefnunemenda í 5. - 7. bekk sem fannst leiðinlegt eða mjög leiðinlegt að lesa bækur, ef miðað er við nemendur á höfuðborgarsvæðinu. Þessi munur var marktækur fyrir bæði stúlkur og drengi. Þá sýnir tafla 6 einnig að hlutfallslega fleiri nemendur í Hjallastefnuskólum áttu erfitt eða mjög erfitt með að lesa bækur samanborið við nemendur á höfuðborgarsvæðinu, munurinn var ekki tölfræðinga marktækur.

Tafla 6. Hlutfall nemenda í 5.-7.bekk í Hjallastefnunni og á höfuðborgarsvæðinu árið 2015 sem finnst *frekar leiðinlegt eða mjög leiðinlegt* að lesa bækur og *erfitt eða mjög erfitt* að lesa bækur.

	Nemendur í Hjallastefnuskólum		Nemendur í skólum á höfuðborgarsvæðinu	
	Stúlkur %	Drengir %	Stúlkur %	Drengir %
<b>Finnst þér skemmtilegt eða leiðinlegt að lesa bækur?</b>	26,4	46,5	13,4	23,4
<b>Finnst þér auðvelt eða erfitt að lesa?</b>	13,5	14,3	7,5	11,0

Á mynd 8 má sjá að nemendur í 5. – 7. bekk á höfuðborgarsvæðinu eyddu að meðaltali mun meiri tíma í lestur annarra bóka en skólabóka samanborið við jafnaldra sína í Hjallastefnuskólum. Það sama á við um annan lestur eins og teiknimyndabækur og blöð, dagblöð og tímarit. Bæði nemendur í Hjallastefnuskólum og nemendur annarra skóla á höfuðborgarsvæðinu eyddu um 30 mínútum á dag við ýmiss konar lestur á netinu. Þegar allur lestur var tekin saman eyddu nemendur á höfuðborgarsvæðinu marktækt meiri tíma að meðaltali við lestur á dag eða um tveimur og hálfri klukkustund samanborið við um eina og hálfu klukkustund hjá nemendum í Hjallastefnuskólum.



Mynd 8. Tími í klukkustundum sem nemendur í 5. – 7. bekk eyða að meðaltali daglega í að lesa bækur aðrar en skólabækur, texta á netinu, teiknimyndabækur eða blöð, dagblöð og tímarit. Greint eftir nemendum í Hjallastefnuskólum og nemendum annarra skóla á höfuðborgarsvæðinu.

Í töflu 7 má sjá að innan við helmingur stúlkna og aðeins um þriðjungur drengja fannst námið oft eða alltaf skemmtilegt. Þá má einnig sjá að um það bil 18,6% drengja og 14% stúlkna í Hjallastefnuskóla vildi oft eða alltaf hætta í skólunum en það hlutfall er lægra en á höfuðborgarsvæðinu, þar sem 22,4% drengja sagðist vilja oft eða alltaf hætta í skólunum og 19,5% stúlkna. Hærra hlutfall drengja en stúlkna fannst námið oft eða alltaf vera erfitt, en ekki var marktækur munur eftir því hvort nemendur voru í Hjallastefnuskóla eða í öðrum skólum á höfuðborgarsvæðinu.

Tafla 7. Hlutfall nemenda í 5.- 7. bekk sem svarar *oft eða alltaf* við eftirfarandi spurningar

	Nemendur í Hjallastefnuskólum		Nemendur í skólum á höfuðborgarsvæðinu	
	Stúlkur %	Drengir %	Stúlkur %	Drengir %
<b>Mér finnst námið of erfitt</b>	1,9	11,9	7,5	9,3
<b>Mér finnst námið of létt</b>	11,3	16,7	14,9	16,3
<b>Mér finnst námið skemmtilegt</b>	42,6	33,2	49,8	31,0
<b>Mig langar að hætta í skólanum</b>	14,8	18,6	19,5	22,4

Marktækt hærra hlutfall nemenda í Hjallastefnuskólum fengu hrós frá kennurum sínum stundum eða oft, eða 84,9% nemenda í Hjallastefnuskólum samanborið við 77,0% nemenda á höfuðborgarsvæðinu. Tafla 8 sýnir að þessi munur lá aðallega hjá drengjum þar sem töluvert hærra hlutfall drengja upplifði hrós frá

kennara í Hjallastefnuskólum ef miðað er við drengi í öðrum skólum á höfuðborgarsvæðinu. Í viðtölum við kennarana í Hjallastefnunni kom fram mikilvægi þess að hrósa, en aldrei er hrósað fyrir útlit eða fatnað.

*„Hrós er notað þegar það á við ... aldrei er hrósað fyrir útlit eða fatnað“*

Eins líkaði nemendum yfirleitt vel við kennara sína bæði í Hjallastefnuskólum og í öðrum skólum á höfuðborgarsvæðinu og var þar lítill munur á milli kynja.

Tafla 8. Hlutfall nemenda í 5.- 7. bekk sem segjast *stundum eða oft* fá hrós frá kennaranum sínum og hlutfall nemenda sem segjast *líka vel eða mjög vel* við kennarann sinn.

	Nemendur í Hjallastefnuskólum		Nemendur í skólum á höfuðborgarsvæðinu	
	Stúlkur %	Drengir %	Stúlkur %	Drengir %
<b>Ég fæ stundum eða oft hrós frá kennaranum mínum</b>	83,8	86,0	80,8	72,5
<b>Mér líkar vel eða mjög vel við kennarann minn</b>	96,3	93,0	95,8	93,4

#### 4.1.2 Viðhorf fyrrum nemenda Hjallastefnuskóla

Í Hjallastefnunni er reynt að koma til móts við ólíkar þarfir nemenda í skólastofunni. Uppröðun í skólastofu er ólík því sem finnst í hefðbundnum grunnskólum. Ekki eru borð fyrir alla nemendur og nemendur geta legið, staðið eða setið á borðum eða í gluggakistum. Í viðtölum við fyrrum nemendur í Hjallastefnunni mátti greina að nemendur voru almennt ánægðir með aðstæður í skólanum.

Sigurður fyrrum nemandi í Hjallastefnuskóla nefndi að honum þætti það mikill kostur að geta stundum verið annars staðar að vinna vinnuna en í sætinu sínu:

*„ ... mér finnst mikill kostur og þægilegt að geta stundum bara legið ...“*

Sigurjón tók í sama streng:

*„ ... Mér finnst það mjög gott ... alveg já svolítill tilbreyting ... sérstaklega ef maður er þreyttur þá getur maður bara legið á gólfinu. Svólítið skrytið svona til að byrja með ...“*

Og varðandi það hvort hann upplifði truflun af slíku svaraði hann:

„ ... nei yfirleitt engin truflun ... það kom nú alveg fyrir ... að það olli einhverri truflun ...hmmm ...en yfirleitt ekki neitt“

Kennarar virðist einnig spila mikilvægan þátt vellíðan og viðhorfi nemenda til náms (Hallinan, M.T., 2008). Þessu til stuðnings má nefna að viðtöl sem tekin voru við fyrrum nemendum Hjallastefunnar sýndu að það skipti þá máli að kennarar væru hressir, skemmtilegir, blíðir, hæfilega strangir og gott að tala við þá: Sigurður lýsti kennurunum í Hjallastefnuskólanum sínum á þennan hátt:

„Mjög vel, þeir voru mjög góðir ... bara svona hressir og skemmtilegir, samt alveg hæfilega, svona strangir en samt góðir“

Þórdís er á sama máli:

„Líka bara vel við þá ... þeir voru skemmtilegir. Bara gott að tala við þá“

Þegar Kormákur var spurður svaraði hann svona til:


„Peir (kennararnir) eru alveg frábærir ... alveg besta fólk í heimi sko ... Alltaf svo ljúfir og skemmtilegir og alltaf hressir og til í að leika við mann og tala við mann ...“

Og Breki tók svona til orða:

„Peir (kennararnir) voru alveg mjög skemmtilegir, alltaf mjög góðir og blíðir ... oftast vorum við mjög nán/n kennurunum okkar ...“

Til þess að meta viðhorf nemenda í 8.-10. bekk til náms voru eftirfarandi spurningar notaðar: „Mér finnst námið tilgangslaust“, „Mér leiðist námið“, „Mér finnst ekki leggja nægjanlega rækt við námið“, „Mér finnst námið mikilvægt“. Spurningarnar voru sameinaðar til að mynda kvarðann „Viðhorf til náms“ sem tekur gildin 0 – 20 þar sem hærra gildi þýðir jákvæðara viðhorf.

Mynd 9 sýnir viðhorf til náms hjá fyrrum nemendum í BSK Vífilsstöðum, nemendum í skólum í Garðabæ og nemendum í skólum á höfuðborgarsvæðinu. Ekki reyndist vera marktækur munur á viðhorfi til náms á milli fyrrum nemenda í BSK Vífilsstöðum og annarra nemenda, né á milli ára. Marktækur munur var þó á milli kynja, óháð því hvort um var að ræða fyrrum nemendum Hjallastefunnar eða aðra nemendum, þar sem stúlkur höfðu jákvæðara viðhorf til náms en drengir.



Mynd 9. Viðhorf nemenda til náms í 8. og 9. bekk árið 2015 og 8., 9. og 10. bekk árið 2016 greint eftir fyrrum nemendum í BSK Vífilsstöðum, öðrum skólum Garðabæjar og nemendum í skólum á höfuðborgarsvæðinu.

Þegar nemendur voru spurðir; „Hvernig telur þú þig standa í námi miðað við jafnaldra þína?“ þá svöruðu 19% drengja sem áður voru í BSK Vífilsstöðum, „Frábærlega, ég er líklega einn af þeim bestu“. Mun lægra hlutfall drengja úr öðrum skólum Garðabæjar taldi sig vera einn af þeim bestu, eða 10%. Einnig var hlutfall stúlkna sem taldi sig svo sterka námsmenn um það bil 10% óháð því úr hvaða skóla þær komu.

Af viðtölum við fyrrum nemendur í Hjallastefnuskólum mátti greina að viðhorf þeirra til eigin getu í námi var almennt gott.

Kormákur telur sig sterkan námsmann:

„Ég er að minnsta kosti hæstur í mínum bekk ... ég get nú ekki sagt til um hina skólana en ég kom vel út“


Þá ber Breki sig einnig vel:

Ég held ég sé bara einn klárasti strákurinn í bekknum ... góðar einkunnir og allt!“

Þórdís taldi þó að skriftin mætti vera betri:

„Já ... kannski helst bara skriftin ... annars bara mjög vel“

Á mynd 10 má sjá hlutfall nemenda sem svaraði „vel eða mjög vel“ við spurningum sem tengjast breytingum við að hefja nám í nýjum skóla. Niðurstöður leiddu í ljós að hvergi var marktækur munur. Nemendur sem komu úr Hjallastefnuskólum töldu sig jafnvel undirbúna undir nám í unglingadeild og nemendur úr öðrum skólum.



Mynd 10. Hlutfall nemenda sem svarar spurningunni: „Hversu vel eða illa áttu eftirfarandi fullyrðingar við um þig þegar þú byrjaðar nám í unglingadeild“ með svarmöguleikanum: *vel eða mjög vel*.

Í viðtölum sem tekin voru við fyrrum nemendur í Hjallastefnuskólum kemur þó fram að þau upplifðu talsverðar breytingar við að skipta um skóla. Má þar til dæmis nefna, stærð skóla, minni nánd við kennara, skólabúninga og heimalærdóm (eins nefndu foreldrar það gjarnan í símakönnuninni, sjá síðar í skýrslu). Sigurði fyrrum nemanda í Hjallastefnuskóla fannst líka breyting að hafa stúlkur og drengi saman í öllum tímum:

„... Svólítið öðruvísi, fyrsta árið svona kannski að venjast, svona eins og með skólabúninga. Bara já það var alveg frekar mikill munur. Strákar og stelpur saman í öllum kennslustundum. Samt ekkert allt of mikil breyting ...“

Ernu fannst breyting að þurfa að sinna heimanámi:

„Ég var smá stressuð og svona ... Öðruvísi umhverfi ... stærra ... og líka af því að það var engin heimavinna í Hjallastefnunni ... en hér ... óviðbúin. Mikil viðbrigði að

*þurfa að læra heima allt í einu. En mér var eiginlega alveg sama hvort ég væri í skólabúning eða ekki ... „*

Kormákur tók í svipaðan streng:

*„Það var mjög mikil breyting þó ég hafi farið í skóla sem er mjög mikið í áttina ... þá er samt mjög mikil breyting. Svo er ekki jafn frjálst miklu meira svona heft niður ... allt ákveðið langt fram í tímann og svo er líka bara svona .... já ... það er miklu meiri einbeiting á það að kenna hópum ... og já já ... Það var engin stundaskrá og svoleiðis í Hjallastefnunni ... engin heimavinna ... en maður venst því mjög fljótt“*

Kennarar í rýnihópum eitt og tvö töldu að stundum vantaði upp á undirbúning nemenda sem koma úr Hjallastefnuskóla, til dæmis í stærðfræði, skriftarkennslu (eins var það nefnt í símakönnun við foreldra, sjá síðar í skýrslu) og að nemendum gengi oft illa í upphafi að halda utan um dótið sitt.

Kennari tvö í rýnihóp eitt tók svona til orða:

*„Vantar oft mikið upp á vinnubrögð ... skrift, frágangur, vinna í stílabók. Þau hafa líka oft litla yfirsýn og skipulagshæfileikar oft litlir. Röð og regla ábótavant ... stroka ekki út ... kunna ekki að setja upp dæmi“*

*„ ...Það vantar líka upp á önnur vinnubrögð ... t.d. þrifa pensla ...“*

Kennari þrjú í sama hóp tók í sama streng:

*„Þau eiga erfitt með vasareikna, margföldun og fleira .... Ekki mikið notað vasareikna og ekki með námsbækur ...Mjög erfitt fyrir þau að koma í stærðfræði ... miklar kröfur. Ekki heimanám...“*

*„ ... Þau finna sjálf að það skortir á vinnubrögð ...“*

*„... Þau máttu ekki nota strokleður, krotu yfir mistökin ... í Hjalla áttu þau að læra af mistökunum .*


Kennari fimm í rýnihóp eitt nefndi að textilkennslu væri ábótavant:

*„Það vantar aðstöðu ... þau eru ekki að læra á saumavélar .... þau þekkja ekki sérstakar listgreinastofur. Endurspeglar að þau kunna ekki vinnubrögð á þau tæki. Krakkar í hefðbundnum skólum þekkja vinnubrögð á þau tæki ...“*

En kennari tvö í rýnihóp eitt bætti við:

*„... Þau hafa ekki endilega lesið minna en aðrir nemendur. Málfræði og stafsetningaræfingar kannast þau ekki við ... en þau eru alls ekki áberandi verri ... og börnunum líður vel hér, og þeim finnst sjarmerandi að eignast athvarf, til dæmis að fá skápa ... og eru fljót að aðlagast ... “*

Á mynd 11 má sá hlutfall nemenda í 8. – 10. bekk sem voru mjög sammála því að eftirfarandi fullyrðingar eigi við þá þegar þeir vinna verkefni. Fullyrðingarnar sem hér um ræðir tengjast allar innri áhugahvöt nemenda, verklagi og viðhorfi þeirra til verkefnavinnu. Þá sést að á öllum fullyrðingunum var hærra hlutfall fyrrum nemenda BSK Vífilsstöðum sem var mjög sammála því að fullyrðingarnar ættu við um þá samanborið við aðra nemendur.



Mynd 11. Hlutfall nemenda í 8.-10. bekk í öðrum grunnskólum á höfuðborgarsvæðinu og fyrrum nemenda í BSK Vífilsstöðum sem eru *mjög sammála* þeim fullyrðingum sem spurt er um.



---

## 4.2 Samantekt

Þegar viðhorf til náms var skoðað kom í ljós að að herra hlutfall nemenda í Hjallastefnuskólum í 5.-7. bekk fannst leiðinlegt eða mjög leiðinlegt að lesa bækur, ef miðað er við nemendur á höfuðborgarsvæðinu. Þessi munur var marktækur fyrir bæði drengi og stúlkur. Þetta viðhorf endurspegladist einnig í tíma sem nemendur eyddu í lestur því þar mátti sjá að nemendur í Hjallastefnuskólum eyddu marktækt minni tíma á dag í ýmiss konar lestur samanborið við nemendur á höfuðborgarsvæðinu.

Marktækt herra hlutfall nemenda í Hjallastefnuskólum sagðist stundum eða oft fá hrós frá kennurum sínum, samanborið við nemendur á höfuðborgarsvæðinu. Munurinn lá þó aðallega hjá drengjum, þar sem töluvert herra hlutfall drengja í Hjallastefnuskólum upplifði að þeim væri hrósað, en drengjum á höfuðborgarsvæðinu. Í viðtölum við fyrrum nemendur kom fram að þeim líkaði mjög vel við kennarana sína í Hjallastefnunni, fannst þeir meðal annars skemmtilegir, hressir og blíðir. Eins voru þeir almennt mjög ánægðir með aðstæður í skólanum.

Þegar metið var viðhorf til náms meðal nemenda í 8. -10. bekk kom í ljós að ekki var marktækur munur á viðhorfi til náms, hvorki milli fyrrum nemenda í BSK Vífilsstöðum og annarra nemenda né á milli ára. Marktækur munur var þó á milli kynja, óháð því hvort um var að ræða fyrrum nemendur Hjallastefnunnar eða aðra nemendur þar sem stúlkur höfðu almennt jákvæðara viðhorf til náms en drengir.

Marktækur munur var á mælingum tengdum innri áhugahvöt, verklagi og viðhorfi nemenda til verkefnavinnu, þar sem fyrrum nemendur BSK Vífilsstöðum komu almennt betur út en jafnaldrar þeirra á höfuðborgarsvæðinu. Þá mátti sjá að drengir sem áður voru í BSK Vífilsstöðum voru líklegri til að telja sig standa mjög vel í námi í samanburði við aðra nemendur og í viðtölum við fyrrum nemendur Hjallastefnunnar mátti greina að þeim fannst þeir almennt vel staddir námslega og voru sáttir við eigin getu í námi. Þá töldu nemendur sem áður voru í BSK Vífilsstöðum sig hafa verið jafn vel undirbúna undir nám í unglingadeild og nemendur annarra skóla í Garðabæ. Í viðtölum við kennara í rýnihóp eitt kom þó fram gagnrýni sem sneri að vinnubrögðum fyrrum nemenda í Hjallastefnuskólum. Það sem helst var gagnrýnt, var skriftin, utanumhald námsgagna, skipulag og að textílkennslu væri ábótavant.

## 5. Kynin og staðalmyndir

Í Aðalnámskrá grunnskóla er kafli sem snýr að jafnrétti og menntun. Jafnrétti er einn grunnþáttur menntunar og jafnréttismenntun er eins konar regnhlífarhugtak sem nær til margra þátta. Þá má finna í lögum sem snúa að jafnri stöðu og jöfnum rétti kvenna og karla, skýr ákvæði þess eðlis að nemendur eigi á öllum skólastigum að hljóta fræðslu um jafnréttismál þar sem meðal annars er lögð áhersla á að búa bæði kynin undir jafna þátttöku í samfélaginu. Þá er einnig lögð áhersla á að drengir og stúlkur eigi jafna möguleika og að hvergi eiga að vera hindranir í vegi hvors kynsins (Aðalnámskrá grunnskóla, almennur hluti, 2011).

Þá hefur einnig verið bent á að kennsla í kynjafræði, sérstaklega ef fjallað er bæði um stúlkur og drengi, sé mikilvægur þáttur í að koma á jafnrétti í nútímasamfélagi. Kynjafræðin gengur út á að draga úr vægi staðlaðra kynhlutverka og að hjálpa börnum við að öðlast aukna jafnréttisvitund, í samfélagi þar sem karlar og konur eiga að vera jafn rétthá og sýna hvort öðru virðingu. Staðalmyndir og væntingar til kynjanna geta staðið í vegi fyrir einstaklingsþroska og því að stúlkur og drengir fái notið sín til fulls. Kynjafræðina er ekki hægt að afmarka í ákveðnum fögum heldur er nauðsynlegt að vera alltaf á verði. Mikilvægt er að kennarar séu vakandi fyrir verkefnum sem tengjast kynbundnum staðalmyndum alveg frá upphafi og tryggja að drengir og stúlkur hafi sömu möguleika á að taka þátt í og vera virk í hvaða verkefni sem er (Margrét Pála Ólafsdóttir, 2000).

### 5.1 Kynin og skólastarfið

Starf Hjallastefnunnar er kynjaskipt eins og áður hefur verið fjallað um og leggur áherslu á jafnrétti kynjanna, ásamt áherslu á að hver einstaklingur fái að njóta sín. Með slíku starfi eiga öll börn að fá að prófa og þróa eiginleika sína og þar eiga hugmyndir þeirra að ráða ferðinni. Annað kynið á ekki að fá að einoka sviðið á kostnað hins kynsins sem fær þá ekki tækifæri til að láta ljós sitt skína. Kynjablöndun er svo viðhöfð daglega, en í slíkum samverustundum mætast kynin og æfa samvistir. Markmiðið með kynjablönduninni er fyrst og fremst að skapa jákvæða mynd af hinu kyninu.

Kynjafræðsla er jafnréttisþáttur kynjanámskrár en þar er fjallað um hinar ýmsu hliðar misréttis og leiðir til betra lífs með tengingu við raunveruleika barnanna sjálfra (Námskrá Barnaskóla Hjallastefnunnar, 2013). Í Hjallastefnunni fá kynin sérstaka námskrá. Í drengjauppeldinu er áhersla lögð á félagsþjálfun en í stúlknauppeldinu á einstaklingsþjálfun. Bæði kynin fá þó þjálfun á báðum sviðum, en með ólíkum áherslum. Segja má að stúlknauppeldið leggi áherslu á að bæta stúlkum upp þá þjálfun sem Hjallastefnan telur að þær hafa farið á mis við, vegna þess að þær eru stúlkur. Má þar helst nefna einstaklingsþætti á borð við sjálfstæði,

sjálfsvitund, sjálfstraust, jákvæðni og hreinskilni, frumkvæðis-, kraft- og kjarkkennslu. Að sama skapi gengur drengjauppeldið út á að bæta drengjunum upp það sem þeir fara á mis við sökum kyns. Þar á meðal eru þættir eins og félags- og samskiptaþættir; agi- og hegðunarkennsla, viðhorfakennsla eða félagsleg jákvæðni ásamt nálægðarkennslu með áherslu á tilfinningar og umhyggju. Samræmist þetta því sem kennari tvö úr Hjallastefnunni nefndi í viðtali. Hann sagði að drengir væru „*kærleiksbirnir*“ það þyrfti bara að rækta þann eiginleika betur.

Þá nefndi sami kennari að þegar hann hitti fyrrum nemendur af karlkyni úti á götu, sem væru orðnir nánast fullorðnir í dag, þá væru þeir enn að faðma hann:

*„ ... þeir taka utan mig og faðma mig eins og ekkert sé sjálfsagðara ... sæi ekki í anda alla drengi á þessum aldri gera þetta ... “*

Þá nefndi kennari þrjú að drengir:

*„ ... þurfi nánd og þeir þurfa líka jákvæða athygli “.*

Í rýnihópi eitt, nefndu þó kennarar að þeir hefðu orðið fyrir vonbrigðum með „sterku stelpurnar“:

*„Ég bjóst við sterkari stelpum ... “*

*„Já sammála því ....svekkjandi af því það á hafa byggt þær sérstaklega upp á þessum sviðum ... “*

Í viðtölum við nemendur kom fram að tveimur drengjum fannst erfitt að koma inn í kynjablandaðan bekk og þá var eitt foreldri sem nefndi í símaviðtali að kynjablöndunin hefði verið það sem reyndist drengnum hennar erfðast við skiptin yfir í hefðbundinn grunnskóla. Sigurjón fyrrum nemandi í Hjalla nefndi að sér hefði fundist:

*„erfiðast að vera alltaf með stelpum í bekk ... og svona sitja í venjulegri kennslustund“*

Schaefer (2004) benti á að stúlkur séu fljótari að tileinka sér ákveðna, lærða hegðun í kennslustofunni en drengir séu líklegri til að grípa til „mér er sama“ viðhorfið. Þannig sýni drengir minni löngun til að þóknast kennurum og séu tilbúnari til að finna upp léttari leiðir til að ljúka verkefni en stúlkur (Schaefer, 2004). Þá má að sama skapi í íslenskum rannsóknum finna vísbendingar um að reynsla, frammistaða og líðan stúlkna og drengja á grunnskólastigi virðist ólík (Hrefna Pálsdóttir, o.fl., 2014). Drengir upplifa, eins og áður hefur


komið fram að þeim sé síður hrósað en stúlkum og þá bendir margt til þess að stúlkum líði betur í skólanum, en drengjum (Hrefna Pálsdóttir, o.fl., 2014).

## 5.2 Staðalmyndir og viðhorf til hlutverkaskiptinga

Í þessum kafla verður fjallað um afstöðu til hlutverkaskiptingar og staðalmyndir kynjanna. Nemendur voru spurðir spurninga sem tengjast heimilistörfum og hlutverkum foreldra. Þá voru nemendur í 5. – 7. bekk einnig spurðir um afstöðu sína til drengja og stúlkna í námi og íþróttum.


### 5.2.1 5. – 7. bekkur

Mynd 12 sýnir að það var töluvert herra hlutfall stúlkna í Hjallastefnuskólum sem taldi að kynin ættu jafnt að sinna heimilisstörfum samanborið við stúlkur í skólum á höfuðborgarsvæðinu. Þetta átti líka við um drengi þar sem herra hlutfall drengja úr Hjallastefnunni taldi á flestum þáttum að jafnræði skyldi vera á milli kynjanna þegar kemur að heimilisverkum samanborið við drengi í skólum á höfuðborgarsvæðinu. Þannig er í heildina marktækt herra hlutfall nemenda í Hjallastefnuskólum heldur en á höfuðborgarsvæðinu sem taldi að kynin skuli sinna húsverkum jafnt á öllum þáttum nema vaska upp, þar var munurinn aðeins marktækur fyrir stúlkur.



Mynd 12. Drengir og stúlkur í 5.-7. bekk sem svara *Jafnt* við spurningunni: „Ef maður og kona búa saman og eiga börn og eru bæði í fullri vinnu, hvernig finnst þér rétt að þau skipti með sér verkum á heimilinu?“. Greint eftir kynjum og nemendum í Hjallastefnuskólum og nemendum í öðrum skólum á höfuðborgarsvæðinu.

Þegar viðhorf til þess hver á að aðstoða börn við heimanám og mæta á foreldrafundi er skoðað (mynd 13), þá sést líkt og með húsverkin að herra hlutfall stúlkna í Hjallastefnuskólum en á höfuðborgarsvæðinu telja að foreldrar eigi að sinna því jafnt. Það sama má segja um drengi úr Hjallastefnuskólum en þeir telja frekar að foreldrar eigi að sinna þessum þáttum jafnt en drengir á höfuðborgarsvæðinu. Þegar nemendur voru spurðir hver ætti að gera við bílinn var mun herra hlutfall barna úr Hjallastefnuskóla sem taldi að kynin ættu að sinna því jafnt, eða um helmingur Hjallaskólanemenda en aðeins um fjórðungur nemenda af höfuðborgarsvæðinu.



Mynd 13. Drengir og stúlkur í 5.-7. bekk sem svara *Jafnt* við spurningunni: „Ef maður og kona búa saman og eiga börn og eru bæði í fullri vinnu, hvernig finnst þér rétt að þau skipti með sér verkum á heimilinu?“. Greint eftir kynjum og nemendum í Hjallastefnuskólum og nemendum í öðrum skólum á höfuðborgarsvæðinu.

Tafla 9 sýnir viðhorf drengja og stúlkna í 5. – 7. bekk til þess hvort kynin eru jafn góð í eftirfarandi þáttum eins og ballett, fótbolta, skák, dansi, stærðfræði og lestri. Ekki var marktækur munur á hlutfalli nemenda sem taldi að kynin væru jafn góð eftir því hvort þau komu úr Hjallastefnuskóla eða skóla á höfuðborgarsvæðinu nema þegar spurt var um ballett en þá töldu marktækt herra hlutfall Hjalladregja að kynin væru jafn góð samanborið við drengi á höfuðborgarsvæðinu. Þó ber að nefna að mun minni munur var á viðhorfum kynjanna hjá nemendum í Hjallastefnuskólum en hjá nemendum á höfuðborgarsvæðinu. Þannig var aðeins marktækur munur á milli drengja og stúlkna í Hjallastefnuskólum þegar kemur að

viðhorfum til fótbolta en ekki á hinum þáttunum sem spurt var um en marktækur munur var á öllum þessum þáttum milli kynja á höfuðborgarsvæðinu nema lestri.

Tafla 9. Hlutfall drengja og stúlkna í Hjallastefnuskólum og í skólum á höfuðborgarsvæðinu, eftir því hvort þau telja drengi og stúlkur jafn góð í eftirfarandi:

	Stúlkur		Drengir	
	Hjallastefnuskólar	Höfuðborgarsvæðið	Hjallastefnuskólar	Höfuðborgarsvæðið
<b>Drengir og stúlkur eru jafn góð:</b>	%	%	%	%
Í ballett	56,9	45,1	37,2	17,4
Í fótbolta	82,4	73,0	39,5	40,9
Í skák	84,0	86,7	83,3	76,5
Í dansi	65,9	67,7	69,0	56,5
Í stærðfræði	89,4	86,3	81,4	79,0
Í lestri	84,2	84,7	88,4	82,8

### 5.2.2 Fyrrum nemendur Hjallastefnunnar

Eins og sjá má í töflu 10 meðal drengja og stúlkna í 8.-10. bekk í Garðaskóla og Sjálandsskóla 2015, þá var hærra hlutfall nemenda almennt sem taldi að kynin ættu að skipta jafnt með sér húsverkum og öðrum verkum sem tengjast fjölskyldunni en var meðal nemenda í 5. – 7. bekk. Leiða má líkum að því að þegar nemendur eldast séu þeir meira meðvitaðir og gera sér frekar grein fyrir því að slíkum hlutverkum ber kynjum að sinna jafnt. Það má þó sjá sömu vísbendingar í 8.- 9. bekk meðal nemenda sem koma úr Hjallastefnuskóla og nemenda sem koma úr öðrum skólum og mátti sjá meðal nemenda í 5. – 7. bekk. Þannig var hæst hlutfall stúlkna sem áður voru í BSK Vífilsstöðum sem taldi að heimilisverkum skyldi sinna jafnt af foreldum/forráðamönnun á öllum þáttum sem spurt var um. Þannig töldu til dæmis 98% stúlkna sem áður voru í BSK Vífilsstöðum að kynin skyldu jafnt þrifa heimilið samanborið við 84,5% annarra stúlkna í Garðabæ og um það bil 75% drengja.

Tafla 10. Drengir og stúlkur í 8.-9. bekk í Sjálandsskóla og Garðaskóla sem svara *Jafnt* við spurningunni: „*Ef maður og kona búa saman og eiga börn og eru bæði í fullri vinnu, hvernig finnst þér rétt að þau skipti með sér verkum á heimilinu?*“. Greint eftir kynjum og nemendum í Hjallastefnuskólum og nemendum í öðrum skólum á höfuðborgarsvæðinu.

	Stúlkur		Drengir	
	Fyrrum nemendur BSK Vífilsstöðum	Nemendur úr öðrum skólum Garðabæjar	Fyrrum nemendur BSK Vífilsstöðum	Nemendur úr öðrum skólum Garðabæjar
	%	%	%	%
<b>Þvo fötin</b>	88,0	85,5	77,7	69,9
<b>Þrifa íbúðina</b>	98,0	84,5	75,0	78,8
<b>Elda matinn</b>	90,0	90,9	69,4	74,0
<b>Vaska upp/setja í upphvottavél</b>	98,0	93,6	66,7	76,9
<b>Kaupa í matinn</b>	94,0	90,9	77,8	75,0
<b>Gera við bílinn</b>	66,0	56,4	55,6	40,0

### 5.3 Samantekt

Töluvert hærra hlutfall stúlkna í 5. -7. bekk í Hjallastefnuskóla taldi að kynin ættu jafnt að sinna heimilisstörfum ef bornar saman við stúlkur á höfuðborgarsvæðinu. Það sama gildir um drengi í Hjallastefnuskóla, þar sem hærra hlutfall þeirra, en drengja á höfuðborgarsvæðinu taldi að jafnræði skyldi ríkja milli kynja þegar kom að því að sinna heimilisverkum. Marktækt hærra hlutfall nemenda úr Hjallastefnuskólum en á höfuðborgarsvæðinu taldi að kynin ættu að sinna húsverkum jafnt, á öllum þáttum nema vaska upp, þar var munurinn eingöngu marktækur fyrir stúlkur. Þá var hærra hlutfall stúlkna í Hjallastefnuskólum sem töldu að foreldrar ættu jafnt að aðstoða börn sín við heimanám, ásamt því að sinna húsverkum. Það sama gildir um drengi í Hjallastefnuskólum en hærra hlutfall þeirra en drengja á höfuðborgarsvæðinu, taldi að kynin ættu að sinna þessum hlutverkum jafnt. Þegar spurt var um hver ætti að gera við bílinn, var munur hærra hlutfall barna úr Hjallastefnuskóla sem taldi að kynin ættu að sinna því jafnt, eða um helmingur nemenda í Hjallastefnuskóla, en aðeins um fjórðungur nemenda á höfuðborgarsvæðinu. Þá töldu marktækt hærra hlutfalla drengja úr Hjallastefnuskólum að kynin væru jafn góð í ballett í samanburði við drengi á höfuðborgarsvæðinu. Aðeins var marktækur munur á milli drengja og stúlkna í Hjallastefnuskólum þegar kom að viðhorfum til fótbolta, en ekki á hinum þáttunum sem spurt var um en marktækur munur á öllum þessum þáttum milli kynja á höfuðborgarsvæðinu, nema lestri.

Hærra hlutfall nemenda í 8. -9. bekk taldi almennt að kynin ættu að skipta jafnt með sér húsverkum og öðrum verkum sem tengjast fjölskyldunni, en var meðal nemenda í 5. -7. bekk. Þá er hæst hlutfall stúlkna

---

sem áður voru í BSK Vífilsstöðum sem telur að heimilisverkum skuli sinna jafnt af foreldrum, á öllum þáttum sem spurt var um.



## 6. Almenn líðan barna

Rannsóknir hafa leitt í ljós að líðan drengja og stúlkna í skóla er að einhverju leyti ólík og sama má segja um hegðun þeirra í kennslustundum (Downey & Vogt Yuan, 2005; Schaefer, 2004). Drengjum líður gjarnan verr í skólanum og finna frekar til námsleiða. Einnig telja drengir sig oftast illa undirbúna fyrir kennslustundir, ásamt því að upplifa síður að vera hrósað af kennurum en stúlkur (Palsdóttir, Asgeirsdóttir & Sigfusdóttir, 2012). Samhliða því að stúlkum líður betur í skólanum (Hrefna Pálsdóttir, o.fl., 2014) þá virðast þær einnig búa yfir meiri hæfni til náms, sýna betri námsárangur (Elsa Lyng Magnúsdóttir, Steinunn Gestdóttir og Kristján Ketill Stefánsson, 2013) og hljóta almennt meiri stuðning frá kennurum í námi, en drengir (Bokhorst, Sumter, & Westenberg, 2010).

Í skólanum hefur jafningjahópurinn áhrif á vellíðan bæði drengja og stúlkna og það að eiga vini í skólanum hefur jákvæð tengsl við bæði námsárangur og líðan í skóla (Catalano, Haggerty, Oesterle, Fleming, & Hawkins, 2004; Eccles, o.fl., 1993). Að sama skapi hefur einelti mikil neikvæð áhrif á líðan þeirra nemenda sem fyrir slíku verða en rannsóknir hafa sýnt að einelti/stríðni er algengara meðal drengja en stúlkna (Stadler, Feifel, Rohrman, Vermeiren, & Poustka, 2010).

Af ofantöldu má sjá að flest bendir til þess að stúlkum líði betur en drengjum í skólanum, námsárangur þeirra sé betri, þær eru jákvæðari í garð skólans og námsins en drengir, (Hrefna Pálsdóttir, o.fl., 2014).

Þegar litið er til eldri nemenda, þ.e.a.s. nemenda í eldri bekkjum grunnskóla, benda rannsóknir þó til þess að fjöldi unglunga sem hafa fundið fyrir kvíða- og þunglyndiseinkennum hefur aukist á síðastliðnum árum. Þannig sýndi Inga Dóra Sigfusdóttir og félagar (2008) að kvíðaeinkenni höfðu aukist meðal bæði drengja og stúlkna en depurðareinkenni höfðu aðeins aukist á meðal stúlkna en ekki drengja (Sigfusdóttir, Ásgeirsdóttir, Sigurðsson, & Guðjónsson, 2008). Nýlegar rannsóknir Rannsóknna og greiningar eru á pari við þessar niðurstöður, þar sem þær sýna aukningu þegar kemur að kvíða – og depurðareinkennum, sérstaklega meðal stúlkna (Rannsóknir og greining, 2016).

Hér á eftir verður fjallað um líðan innan skóla sem utan meðal nemenda í 5. -7. bekk, en einnig verða greindar spurningar tengdar sjálfsmynd og líkamsmynd meðal nemenda í 8. -10. bekk á tveimur tímapiptum, á vorönn 2015 og vorönn 2016.

## 6.1 Nemendur í 5. – 7. bekk

Þegar nemendur í 5. – 7. bekk voru spurðir hvernig þeim líkaði í kennslustundum má sjá (tafla 11) að yfirgnæfandi meirihluti þeirra svaraði að þeim líði mjög eða frekar vel. Þó má sjá að töluvert lægra hlutfall drengja í Hjallastefnuskólum telur sig líða frekar eða mjög vel í kennslustundum samanborið við nemendur í öðrum skólum á höfuðborgarsvæðinu.

Tafla 11. Hlutfall stúlkna og drengja í 5.-7. bekk í Hjallastefnuskólum og á höfuðborgarsvæðinu sem segja að þeim líði mjög eða frekar vel í kennslustundum.

	Nemendur í Hjallastefnuskólum		Nemendur í skólum á höfuðborgarsvæðinu	
	Stúlkur %	Drengir %	Stúlkur %	Drengir %
<b>Mér líður oftast mjög eða frekar vel í kennslustundum</b>	94,2	81,4	92,1	90,1

Í töflu 12 má sjá hvernig börn í 5. – 7. bekk upplifðu félagslega stöðu sína í skólanum. Það sést að herra hlutfall stúlkna í Hjallastefnuskólum taldi sig eiga fáar eða engar vinkonur í skólanum samanborið við stúlkur á höfuðborgarsvæðinu en munurinn var ekki marktækur. Þá sést að engir drengir í Hjallaskólum sögðust sjaldan eða aldrei vera með vinum eftir skóla samanborið við um 7% annarra nemenda og var sá munur marktækur. Lítil munur var á hlutfalli nemenda sem töldu fáa eða enga krakka í bekknum sínum finnast þeir vera skemmtilegir, bæði milli kynja og á milli Hjallanemenda og annarra nemenda höfuðborgarsvæðisins.

Tafla 12. Hlutfallsleg svör stúlkna og drengja í 5.-7.bekki í Hjallastefnuskólum og á höfuðborgarsvæðinu við spurningum tengdum félagslegri stöðu þeirra.


	Nemendur í Hjallastefnuskólum		Nemendur í skólum á höfuðborgarsvæðinu	
	Stúlkur %	Drengir %	Stúlkur %	Drengir %
<b>Ég á fáa eða enga vini/vinkonur í skólanum</b>	9,3	4,7	5,3	6,9
<b>Fáum eða engum krökkum í bekknum finnst ég vera skemmtileg(ur)</b>	7,5	4,7	5,5	7,1
<b>Ég er aldrei eða næstum aldrei með vinum mínum eftir skóla eða um helgar</b>	7,4	0,0	6,6	7,3

Í töflu 13 má sjá upplifun nemenda í 5. – 7. bekk af félagslegu mótlæti í skólanum. Þannig sögðu marktækt lægra hlutfall stúlkna úr Hjallastefnuskólum að þær hefðu orðið fyrir stríðni en stúlkur í öðrum skólum á höfuðborgarsvæðinu. Hlutfall drengja var þó mjög svipað eða um og yfir 35% sem sögu að þeir hefðu orðið fyrir stríðni einu sinni eða oftar um veturinn. Hærra hlutfall stúlkna en drengja telja sig hafa verið skildar út undan einu sinni eða oftar um veturinn en munurinn var ekki marktækur hvorki eftir kynjum né eftir því hvort um var að ræða nemendur í Hjallastefnuskólum eða öðrum skólum á höfuðborgarsvæðinu. Marktækt hærra hlutfall drengja en stúlkna töldu sig hafa orðið fyrir ofbeldi í skólanum einu sinni eða oftar um veturinn. Einnig var marktækt hærra hlutfall nemenda 5. – 7. bekk í skólum á höfuðborgarsvæðinu sem taldi sig hafa orðið fyrir ofbeldi í skólanum samanborði við nemendur úr Hjallastefnuskólum.

Tafla 13. Hlutfall stúlkna og drengja í 5.-7. bekk í Hjallastefnuskólum og á höfuðborgarsvæðinu sem segja að þeim hafi verið strítt, skilin út undan eða beitt ofbeldi í skólanum einu sinni eða oftar um veturinn.

Í vetur hefur komið fyrir mig einu sinni eða oftar í skólanum að:	Nemendur í Hjallastefnuskólum		Nemendur í skólum á höfuðborgarsvæðinu	
	Stúlkur %	Drengir %	Stúlkur %	Drengir %
Mér var strítt	13,5	36,6	29,2	34,9
Ég var skilin(n) út undan	31,4	28,0	34,2	25,8
Ég var beitt(ur) ofbeldi	5,8	25,0	14,8	30,1

Á mynd 14 má sjá hlutfallsleg svör nemenda sem sögðust stundum eða oft hafa upplifað leiða, einmanaleika eða þörf til að gráta síðastliðna 7 daga. Töluvert hærra hlutfall drengja í Hjallastefnuskólum taldi sig stundum eða oft undanfarna 7 daga hafa upplifað það að vera leiðir og hafa lítinn áhuga á að gera hluti. Þá sagði einnig marktækt hærra hlutfall þeirra að þeir hefðu auðveldlega grátið eða langað til að gráta samanborði við drengi í skólum á höfuðborgarsvæðinu. Annað gildi um stúlkur í Hjallastefnuskólum þar sem lægra hlutfall þeirra sagðist hafa upplifað það að hafa lítinn áhuga, vera einmana eða grátið síðastliðna 7 daga samanborði við stúlkur í skólum á höfuðborgarsvæðinu.



Mynd 14 Hlutfall drengja og stúlkna í 5.-7. bekk í Hjallastefnuskólum og á höfuðborgarsvæðinu segjast *stundum eða oft* á síðastliðnum 30 dögum hafa verið leiðir/leiðar, haft lítinn áhuga á því að gera hluti, upplifa sig einmana, grátið auðveldlega eða langaði til að gráta.

## 6.2 Fyrrum nemendur Hjallastefnuskóla

Eftirfarandi upplýsingar byggja á niðurstöðum rannsókna Ungt fólk 2016 og Hagir og liðan í Garðaskóla og Sjálandsskóla 2015. Greindar eru spurningar tengdar sjálfsmynd og líkamsmynd á tveimur tímamörum, á vorönn 2015 og vorönn 2016.

Sjálfsmynd var mæld með níu spurningum af Rosenberg sjálfsmyndarskalanum (Rosenberg, 1965) sem snúa að því hvernig nemendur meta sjálfan sig. Sem dæmi má nefna spurningarnar „*Mér finnst ég hafa marga góða eiginleika*“, „*Ég hef jákvæða afstöðu til sjálf/sjálfrar mín*“ og „*Ég get gert hlutina jafn vel og flestir aðrir*“. Spurningarnar voru mældar á fjögurra punkta kvarða. Við úrvinnslu voru spurningar sameinaðar í einn kvarða sem náði frá 0 – 27, þar sem hærra tala táknar betri sjálfsmynd.

Líkamsmynd var mæld með fimm spurningum sem lúta að því hvernig nemendur upplifa líkama sinn og útlit. Dæmi um spurningar eru „*Þegar ég hugsa um hvernig ég muni líta út í framtíðinni er ég ánægð(ur)*“, „*Mér finnst ég vera sterk(ur) og hraust(ur)*“. Spurningarnar voru mældar á fjögurra punkta kvarða. Við úrvinnslu voru spurningar sameinaðar í einn kvarða sem náði frá 0 – 15, þar sem hærra tala táknar betri líkamsmynd.

Marktækur munur var á sjálfsmynd drengja og stúlkna bæði hjá nemendum sem koma úr BSK Vífilstöðum og meðal nemenda úr öðrum skólum Garðabæjar. Þannig mældust drengir með hærra sjálfsmynd en stúlkur (tafla 14). Ekki var marktækur munur eftir því úr hvaða skóla nemendur koma en benda má á að sjálfsmynd stúlkna sem áður voru í BSK Vífilstöðum var hærra árið 2016 en 2015 og var

Það eina breytingin milli ára. Munurinn lá í því að stúlkur sem voru í 9. bekk í unglingadeild Garðabæjar haustið 2014 úr og komu úr BSK Vífilstöðum mældust með lægri sjálfsmynd en hinir tveir árgangarnir. Enginn munur er á stúlkum úr BSK Vífilstöðum sem byrjuðu í 8. bekk haustið 2014 og þeim sem byrjuðu í 8. bekk haustið 2015.

Þegar litið er á líkamsímynd má sjá að munur var á drengjum og stúlkum þar sem drengir hafa betri líkamsímynd en stúlkur og er sá munur marktækur bæði fyrir fyrrum nemendum í BSK Vífilstöðum og aðra nemendum í Garðabæ. Ekki er marktækur munur eftir því úr hvaða skóla nemendur koma.

Tafla 14. Meðaltal mælinga á sjálfsmynd og líkamsímynd nemenda í Garðaskóla og Sjálandsskóla skipt eftir árum og því hvort nemendur voru áður í BSK Vífilstöðum eða í öðrum skólum Garðabæjar.

			Sjálfsmynd 0-27	Líkamsímynd 0 -15
	kyn	ár	Meðaltal (sf)	Meðaltal (sf)
<b>Fyrrum nemendur í BSK Vífilstöðum</b>	Stúlkur	2015	18,8 (6,1)	9,8 (3,5)
		2016	19,8 (5,6)	9,9 (3,3)
	Drengir	2015	22,2 (4,4)	11,9 (2,6)
		2016	22,1 (5,0)	11,7 (2,7)
<b>Aðrir nemendur í Garðabæ</b>	Stúlkur	2015	19,9 (5,8)	10,2 (3,1)
		2016	19,2 (6,3)	9,7 (3,5)
	Drengir	2015	21,5 (4,8)	11,6 (2,3)
		2016	21,5 (4,7)	11,5 (3,0)

Í viðtölum við fyrrum nemendur Hjallastefnunnar áttu drengirnir yfirleitt auðveldara með að finna jákvæða þætti til að lýsa sjálfum sér, en stúlkur. Stúlkurnar urðu svolítið vandræðalegar og þá sérstaklega ef þær voru að segja eitthvað jákvætt um sjálfar sig:

Erna lýsti sjálfri sér á eftirfarandi hátt:

*„Sjálfa mig ... (horfði hissa á spyrjanda)? Svona bara ... já fin!“*

Þórdís var aðeins viljugri til að finna jákvæða hluti til að lýsa sjálfri sér, en fór þó varlega í það:

*„Ég veit það ekki .... (hikandi) ... ég vona sem góðhjartaðri manneskju, treystandi manneskju, skemmtilegri, brosmildri, myndinni ... já ég held það ... ég veit það samt ekki ....“*

Þegar Kormákur var beðinn um að lýsa sjálfum sér endurtók hann fyrst spurninguna en sagði svo hlæjandi:

„Mér finnst ég bara frábær! Já ... mér gengur alltaf vel í námi – ég bara ... á mikið af vinum ... og spila á hljóðfæri og er bara í alls konar tengdu skólanum ... nemendaráði, ungmennaráði ... og svoleiðis“

Og Breki var á svipuðum nótum og Kormákur:

„mmmm ... ég er mjög ... uuuu ... ég myndi segja frekar lágvaxinn miðað við aðra .. og ég er bara nottlega rosalega frábær – en já .... ég myndi segja að ég væri góður námsmaður og skemmtilegur vinur ...“

Þá kom einnig fram í viðtölunum kynjamunur þegar þau voru spurð út í það hvort þau hefðu stundum áhyggjur af því hvað öðrum fyndist um þau og þá hvers vegna. Stúlkur svöruðu því frekar játandi og gáfu skýringar sem sneru að vinsældum, tækjabúnaði og fatnaði.

Í töflu 15 má sjá hlutfall nemenda úr Ungt fólk rannsókninni 2016 sem telja sig *mjög ánægð* með líf sitt og *mjög hamingjusama*, greint eftir kyni og hvort nemendur voru áður í BSK Vífilstöðum eða öðrum skólum Garðabæjar. Sjá má að hæsta hlutfallið var meðal drengja sem áður voru í BSK Vífilstöðum sem töldu sig mjög ánægðir með líf sitt og mjög hamingjusama, samanborið við aðra nemendur. Eins er almennt marktækt herra hlutfall drengja en stúlkna sem telja sig mjög ánægð með líf sitt. Það var þó ekki marktækur munur milli stúlkna og drengja sem áður voru í BSK Vífilstöðum þegar kom að því að vera mjög hamingjusöm/hamingjusamur en marktækur munur var á drengjum og stúlkum úr öðrum skólum Garðabæjar.

Tafla 15. Hlutfall nemenda sem sögðust vera *mjög ánægðir* með líf sitt og *mjög hamingjusamir*, greint eftir kynjum og fyrrum nemendum BSK Vífilstöðum og nemendum úr öðrum skólum Garðabæjar.

	Fyrrum nemendur BSK Vífilstöðum		Nemendur úr öðrum skólum Garðabæjar	
	Drengir	Stúlkur	Drengir	Stúlkur
<i>Lýsir mér mjög vel:</i>	%	%	%	%
<b>Ég er ánægð(ur) með líf mitt</b>	76,5	58,6	66,5	55,6
<b>Ég er hamingjusöm/hamingjusamur</b>	76,5	68,8	62,7	58,4

---

### 6.3 Samantekt

Marktækt lægra hlutfall stúlkna í Hjallstefnuskólum sögðu að þær hefðu orðið fyrir stríðni, en stúlkur á höfuðborgarsvæðinu. Þá var marktækt hærra hlutfall drengja, en stúlkna sem taldi sig hafa orðið fyrir ofbeldi í skólanum einu sinni eða oftár um veturinn. Einnig mátti sjá að hærra hlutfall nemenda á höfuðborgarsvæðinu taldi sig hafa orðið fyrir ofbeldi í skólanum samanborið við nemendur í Hjallstefnuskólanum.

Drengir í Hjallstefnuskólum töldu sig frekar hafa upplifað það stundum eða oft að vera leiðir og hafa lítinn áhuga á að gera hluti en drengir í öðrum skólum á höfuðborgarsvæðinu. Þá var einnig marktækt hærra hlutfall þeirra sem sögðust hafa auðveldlega grátið, eða langað til að gráta. Annað gildi þó um stúlkur í Hjallstefnuskólum sem almennt sýndu síður slíka vanlíðan.

Almennt var sjálfsmynd drengja betri en stúlkna í 8. – 10. bekk en ekki var marktækur munur eftir því hvort nemendur voru áður í BSK Vífilstöðum eða öðrum skólum Garðabæjar. Sama mátti sjá þegar líkamsmynd var skoðuð en drengir höfðu betri líkamsmynd en stúlkur, sá munur var marktækur bæði meðal fyrrum nemenda í BSK Vífilstöðum og annarra nemenda í Garðabæ. Ekki var marktækur munur eftir því úr hvaða skóla nemendur komu. Í viðtölum við unglingana kom einnig fram að drengirnir höfðu sterkari sjálfsmynd en stúlkur og áttu þeir auðveldara með að lýsa jákvæðum eiginleikum sínum.

Þá var hæst hlutfallið meðal drengja sem eru fyrrum nemendur í Hjallstefnuskólum sem töldu það lýsa sér mjög vel að vera ánægðir með líf sitt og hamingjusama. Það var ekki marktækur munur á milli stúlkna og drengja sem áður voru í BSK Vífilstöðum þegar kom að þessum þáttum en marktækur munur var á drengjum og stúlkum úr öðrum skólum Garðabæjar.

## 7. Foreldrar og félagsauður

Gildi félagsauðs fyrir námsgengi barna og unglinga hefur verið rannsakað töluvert á undanförunum áratugum. Upphafið af þeim rannsóknum má rekja til bandaríska félagsfræðingsins James Coleman sem með rannsóknum sínum á sjöunda áratugnum sýndi fram á að námsárangur barna og unglinga var ekki einungis bundinn við þætti innan skólans eins og fram að þeim tíma hafði verið talið (Coleman o. fl., 1966). Coleman vildi meina að þættir sem höfðu áhrif á árangur nemenda lægju einnig að miklu leyti utan skólans, þ.e.a.s. í félagsauði samfélagsins sem sneri að börnum og ungmennum og þá ekki síst í tengslum foreldra við aðra foreldra og vini barna sinna. Þessi tengsl kallaði Coleman „*intergenerational closure*“ eða „kynslóðatengsl“ sem hann taldi vera forsendu þess að foreldrar gætu sameinast um gildi og viðmið í þágu barna sinna í námi og séð til þess að þeim gildum væri framfylgt (Coleman, 1988). Þessi nálgun Colemans á menntun í tengslum við félagslegan ójöfnuð, færði áherslur rannsakenda á námsárangri að einhverju leyti frá áhrifum kennslufræðilegra og námskrármiðaðra áhrifa að áhrifum fjölskyldu, jafningja og nærsamfélagsins í heild (Þórlindsson o.fl., 2007; Dika og Singh, 2002). Rannsóknir bæði innanlands og utan styðja að mörgu leyti þessa kenningu Colemans og hefur verið sýnt fram á að fjölskylduþættir eins og foreldrastuðningur, eftirlit foreldra, tími sem foreldrar verja með börnum sínum og tengsl foreldra við aðra foreldra hefur jákvæð tengsl við námsárangur (Coleman 1988; Epstein 1991; Fan and Chen 2001; Jeynes, 2005; Jeynes, 2007; Kristjánsson & Sigfusdóttir, 2009; McNeal 1999).

Í safngreiningu yfir 40 rannsóknum tengdum námsárangri sýndi Jeynes (2005) fram á það að sterkt jákvætt samband er milli aðkomu foreldra, svo sem tíma og aðhaldi og námsárangurs grunnskólanemenda. Þetta jákvæða samband heldur bæði fyrir drengi og stúlkur sem og ólíka kynþætti. Einnig sýndi Jeynes (2007) fram á með samskonar safngreiningu á yfir 50 rannsóknum á námsárangri framhaldskólanema að aðkoma foreldra er afar mikilvægur þáttur í námsárangri nemenda. Það er því ljóst að bæði fyrir grunnskólanemendur og framhaldskólanemendur þá gegnir stuðningur foreldra og aðkoma þeirra að námi barna sinna miklu máli.

Á Íslandi hefur þetta einnig verið rannsakað og sýndu niðurstöður rannsóknar Álfgeirs Loga Kristjánssonar og Ingu Dóru Sigfúsdóttur (2009) að stuðningur foreldra, aðhald og eftirlit ásamt tíma með foreldrum eru mikilvægir þættir fyrir námsárangur unglinga. Einnig komust Álfgeir og Inga Dóra að þeirri niðurstöðu að áhrifin af stuðningi foreldra og tíma sem börn verja með foreldrum á árangur er miðlað í gegnum námsvirkni, en áhrifin af eftirliti foreldra á árangur eru að mestu bein. Þau segja því að börn sem búa við stuðning heima og verja miklum tíma með foreldrum sínum séu hæfari og meira tilbúin til að leggja á sig það sem þarf til að ná árangri í skóla (Álfgeir Logi Kristjánsson og Inga Dóra Sigfúsdóttir, 2009).



## 7.1 Félagsauður

Niðurstöður birtar í þessum kafla byggja á rannsóknunum Ungt fólk í 5. – 7. bekk árið 2015 og Ungt fólk í 8. – 10. bekk árið 2016. Niðurstöður eru settar fram fyrir 5. – 7. bekk sem samanburður milli nemenda í Hjallastefnuskólum og nemendum annarra skóla á höfuðborgarsvæðinu. Í 8. – 10. bekk eru niðurstöður settar fram sem samanburður á milli fyrrum nemenda í Hjallastefnuskóla og annarra nemenda í skólum á höfuðborgarsvæðinu.

### 7.1.1 Nemendur í 5. – 7. bekk

Í töflu 16 má sjá að almennt er mjög hátt hlutfall nemenda sem segist oft eða mjög oft vera með foreldrum sínum um helgar en marktækt hærra hlutfall nemenda í Hjallastefnuskólum sögðust oft eða mjög oft vera með foreldrum sínum eftir skóla. Þannig er einnig marktækt lægra hlutfall nemenda í Hjallastefnuskólum samanborið við nemendur á höfuðborgarsvæðinu sem sögðust vera ein heima eftir skóla.

Tafla 16. Hlutfall nemenda í 5.-7. bekk í Hjallastefnuskólum og á höfuðborgarsvæðinu sem sögðust oft eða alltaf vera með foreldrum eftir skóla og um helgar og vera ein/n heima eftir skóla.

Hlutfall nemenda í 5.-7. bekk sem segist oft eða alltaf vera:	Nemendur í Hjallastefnuskólum	Nemendur í skólum á höfuðborgarsvæðinu
<b>Með foreldrum eftir skóla</b>	88,5%	78,3%
<b>Með foreldrum um helgar</b>	96,3%	96,9%
<b>Ein/n heima eftir skóla</b>	44,3%	50%


Í töflu 17 má sjá hlutfall nemenda sem sögðu það eiga vel eða mjög vel við um sig að foreldrar þekki vini þeirra og að foreldrar þekki foreldra vina þeirra. Almennt var mjög hátt hlutfall foreldra nemenda í 5. – 7. bekk sem þekkja vini barna sinna en marktækt hærra hlutfall barna í Hjallastefnuskólum töldu foreldra sína þekkja foreldra vina sinna. Þannig mátti sjá að 97,6% barna í Hjallastefnuskólum töldu það eiga vel eða mjög vel við sig að foreldrar þekki foreldra vina sinna, samanborið við 87,5% nemenda á höfuðborgarsvæðinu.

Tafla 17. Hlutfall nemenda í 5.-7. bekk í Hjallastefnuskólum og á höfuðborgarsvæðinu sem sögðu að það ætti vel eða mjög vel við um þau að: Foreldrar þeirra þekki vini/vinkonur þeirra og að foreldrar þekki foreldra vina/vinkvenna þeirra.

Hlutfall nemenda í 5.-7. bekk sem segja að það eigi vel eða mjög vel við um þau að:	Nemendur í Hjallastefnuskóla	Nemendur í skóla á höfuðborgarsvæðinu
Foreldrar þekkjast vini/vinkonur mína(r)	97,9%	96,5%
Foreldrar þekkjast foreldra vina/vinkvenna minna	97,6%	87,5%

### 7.1.2 Fyrrum nemendur í Hjallastefnuskóla

Hlutfallsleg svör nemenda við spurningum varðandi eftirlit og félagslega aðkomu foreldra má sjá á mynd 15. Marktækt fleiri nemendur sem áður voru í Hjallastefnuskóla töldu foreldra sína þekkjast foreldra vina sinna. Einnig var marktækur munur á því hversu miklu eftirliti fyrrum nemendur í Hjallastefnuskóla töldu sig fá frá foreldrum sínum samanborið við aðra nemendur. Marktækt hærra hlutfall fyrrum nemenda Hjallastefnuskóla sagði foreldra sína fylgjast með því hvar þeir væru á kvöldin og með hverjum. Jafnt hlutfall allra nemenda sögðu það eiga vel eða mjög vel við sig að það væri regla á því hvenær þeir ættu að koma heim á kvöldin eða um 76%.



Mynd 15. Hlutfall fyrrum nemenda í Hjallastefnuskólum og nemenda í skóla á höfuðborgarsvæðinu sem svöruðu að eftirfarandi fullyrðingar ættu vel eða mjög vel við um sig.

Í töflu 18 má sjá hlutfallsleg svör nemenda við spurningum tengdum samveru við foreldra. Ekki var marktækur munur á fyrrum nemendum í BSK Vífilsstöðum og öðrum nemendum þegar kom að tíma sem nemendur eyddu með foreldrum sínum eftir skóla eða um helgar.

Tafla 18. Hlutfall nemenda í 8. - 10. bekk á höfuðborgarsvæðinu sem sögðust *oft eða nær alltaf vera með foreldrum eftir skóla og foreldrum um helgar*.


Hlutfall nemenda í 8. -10. bekk sem segist oft eða nærri alltaf vera:	Fyrrum nemendur BSK Vífilsstöðum	Nemendur í skólum á höfuðborgarsvæðinu
<b>Með foreldrum eftir skóla</b>	53,2%	54,9%
<b>Með foreldrum um helgar</b>	74,1%	75,4%

## 7.2 Foreldrar

Niðurstöður sem settar eru fram í þessum kafla byggja að mestu á foreldrakönnuninni *Barnið þitt og skólinn* sem send var út til allra foreldra í Hjallastefnuskólum og Hjallastefnuleikskólum auk samanburðarskóla og leikskóla í mars 2015. Niðurstöður kaflans byggja einnig á símakönnun meðal foreldra fyrrum nemenda í Hjallastefnuskólum á tímabilinu desember 2015 – mars 2016.

### 7.2.1 Tengsl foreldra innan skóla

Mynd 16 sýnir að hærra hlutfall foreldra barna í grunnskóla segist eiga í samskiptum við aðra foreldra en foreldrar barna í leikskólum. Marktækt hærra hlutfall foreldra í Hjallastefnugrunnskólum á í samskiptum við aðra foreldra í skóla barnsins síns en í samanburðargrunnskólum. Einnig var marktækur munur á því hvort grunnskólaforeldrar hjálpast að við akstur barna í frístundir. Hærra hlutfall foreldra í Hjallastefnugrunnskólum hjálpast að við slíkan akstur í samanburði við foreldra í samanburðarskólum.




Mynd 16. Hlutfall foreldra barna í Hjallastefnugrunnskólum og Hjallastefnuleikskólum í samanburði við foreldra barna í öðrum grunnskólum og öðrum leikskólum sem svara játandi.

## 7.2.2 Ánægja, væntingar og viðhorf

Foreldrar leikskólabarna voru almennt nokkuð ánægðir með það hvernig leikskólarnir standa undir væntingum og mæta þörfum barna þeirra. Undantekning frá þessu er hvernig leikskólinn mætir tungumálþörfum barna þeirra. Mynd 17 sýnir að foreldrar barna í Hjallastefnuleikskólum töldu leikskólann mæta tungumálþörfum barna sinna betur en foreldrar í samanburðarleikskólum.

Þegar kemur að grunnskólaforeldrum þá töldu marktækt hærra hlutfall foreldra barna í Hjallastefnugrunnskólum skólana almennt standa undir væntingum sínum. Einnig var marktækur munur á hlutfalli foreldra í Hjallastefnugrunnskólum og samanburðargrunnskólum sem töldu skólana sinna áhugasviði barna sinna svo og mæta einstaklings og tungumála þörfum þeirra, þar sem hærra hlutfall foreldra í Hjallagrunnskólum töldu skólann mæta þeim þáttum vel eða mjög vel. Þá taldi marktækt hærra hlutfall foreldra nemenda í Hjallastefnugrunnskólum skólann taka vel eða mjög vel á mót gagnrýni og ábendingum og bregðast við þeim.




Mynd 17. Hlutfall foreldra í Hjallastefnugrunnskólum og Hjallastefnuleikskólum í samanburði við foreldra barna í öðrum grunn- og leikskólum sem svöruðu *vel eða mjög vel* við ofangreindum spurningum.

Í töflu 19 má sjá hlutfall foreldra sem sögðust eiga barn með sérþarfir eða barn með annað tungumál ásamt íslensku. Ekki var marktækur munur á hlutfalli foreldra sem sögðust eiga börn með sérþarfir eða börn með annað tungumál ásamt íslensku eftir því hvort um foreldra Hjallastefnuskóla eða samanburðarskóla var að ræða.

Tafla 19. Hlutfall foreldra sem sögðust eiga barn með sérþarfir eða barn með annað tungumál. Greint eftir skólagerð.

	Barn með sérþarfir	Barn með annað tungumál ásamt íslensku
<b>Foreldrar barna í Hjallastefnuleikskólum</b>	7,2%	7,9%
<b>Foreldrar barna í samanburðarleikskólum</b>	6,0%	8,3%
<b>Foreldrar barna í Hjallastefnugrunnskóla</b>	17,1%	6,9%
<b>Foreldrar barna í samanburðargrunnskóla</b>	20,5%	6,4%


Mynd 18 sýnir að lægra hlutfall foreldra í Hjallastefnugrunnskólum eða rúm 68% telja það mjög mikilvægt að kennarar barna þeirra hafi kennaramenntun samanborið við 80% foreldra í samanburðargrunnskólum. Þó taldi mun hærra hlutfall foreldra í Hjallastefnugrunnskólum það mjög mikilvægt að skólinn væri með einstaklingsmiðað nám, eða tæp 60% í samanburði við rúm 46% í samanburðargrunnskólum.



Mynd 18. Hlutfall foreldra barna í Hjallastefnugrunnskólum og í samanburðargrunnskólum eftir því hvort þeir telja það *mjög mikilvægt* að kennarar barna þeirra hafi kennaramenntun og að skólinn bjóði upp á einstaklingsmiðað nám.


Þegar litið er til mats foreldra á því hvernig börnum þeirra gengur og líður í skólanum má sjá að mikill meirihluti foreldra leikskólabarna eða yfir 90% töldu að börnum sínum líði vel í skólanum, sýni framfarir og líki vel við kennara sína. Þetta má sjá á mynd 19 og á þessum þáttum var ekki marktækur munur milli foreldra barna á Hjallastefnuleikskólum eða samanburðarleikskólum.

Hjá foreldrum grunnskólanemenda var þó marktækt hærra hlutfall foreldra í Hjallastefnugrunnskólum sem töldu að barninu sínu líði vel í skólanum og væri ánægt með kennarann sinn. Einnig var marktækt hærra hlutfall foreldra í Hjallastefnugrunnskólum sem taldi að stefna skólans höfðaði vel til sín og að þeir myndu velja sama skóla ef þeir eignuðust fleiri börn, samanborið við foreldra í öðrum grunnskólum.



Mynd 19. Hlutfall foreldra barna í Hjallastefnugrunnskólum og Hjallastefnuleikskólum í samanburði við foreldra í öðrum grunn- og leikskólum sem svöruðu *mjög eða frekar ánægð* við ofangreindum fullyrðingum.


Almennt voru foreldrar, óháð skólastigi og skólagerð, mjög ánægðir með húsnæði og umhverfi skóla barna sinna. Á mynd 20 má sjá að hæst var hlutfall foreldra með börn í Hjallastefnuleikskólum og var það marktækt hærra hlutfall en í samanburðarleikskólum. Þá má einnig sjá að foreldrar í Hjallastefnugrunnskólum voru ánægðari með skólaðastæður en foreldrar í samanburðargrunnskólum. Töluvert mikill munur var á viðhorfum foreldra til þess hvort þeir vilji að börn séu í skólabúningum eða ekki. Þannig voru um það bil 80% foreldra í Hjallastefnuskólum sammála eða mjög sammála því að skólar væru með skólabúninga í samanburði við rúm 43% annarra grunnskólaforeldra og 34% annarra leikskólaforeldra. Einnig má sjá að hærra hlutfall foreldra í Hjallastefnuskólum, bæði leik- og grunnskólum voru tilbúnir til þess að greiða skólagjöld til að tryggja betri menntun fyrir börnin sín.



Mynd 20. Hlutfall foreldra barna í Hjallastefnugrunn- og leikskólum til samanburðar við foreldra í öðrum grunn- og leikskólum sem sögðust *sammála eða mjög sammála* ofantöldum fullyrðingum.

Á mynd 21 má sjá að hlutfall foreldra sem sagði það vera mjög eða frekar líklegt að þeir myndu mæla með skóla barnsins síns við aðra foreldra. Þá sést að það var engin munur á foreldrum leikskólabarna eftir því hvort þeir voru með börn í Hjallastefnuleikskólum eða öðrum leikskólum en marktækt herra hlutfall foreldra barna í Hjallastefnugrunnskólum myndi mæla með skóla barnsins síns samanborið við foreldra úr öðrum grunnskólum.

Það er mjög eða frekar líklegt að ég mæli með skóla/leikskóla barnsins míns við aðra foreldra



Mynd 21. Hlutfall foreldra barna í Hjallastefnugrunn- og leikskólum og foreldrar barna í samanburðargrunn- og leikskólum sem töldu það vera, *mjög eða frekar líklegt* að þeir myndu mæla með grunn- eða leikskóla barnsins síns við aðra foreldra.



### 7.2.3 Símakönnun við foreldra

Eins og áður hefur verið nefnt var hringt var í 41 foreldri fyrrum nemenda í Hjallastefnuskólum fædda á árunum 2000-2002. Markmiðið með símakönnuninni var að fá sýn og viðhorf foreldra á starf Hjallastefnunnar sem og upplifun þeirra tengda líðan barna sinna í skólanum og hvernig þeim gekk að aðlagast í nýjum skóla eftir að hafa verið í Hjallastefnuskóla.

Í töflu 20 má sjá að almennt voru aðspurðir foreldrar ánægðir með veru barna sinna í Hjallastefnuskólum. Þannig voru 87,5% foreldra frekar ánægðir eða mjög ánægðir með Hjallastefnuskóla barnsins síns. Einnig töldu 90% aðspurðra foreldra að barnið þeirra hafi verið frekar eða mjög ánægt í Hjallastefnuskólanum.

Tafla 20. Hlutfall foreldra fyrrum nemenda í Hjallastefnuskólum sem svöruðu *mjög eða frekar ánægðir* við eftirfarandi spurningum tengdum Hjallastefnuskóla barnsins þeirra.

Hlutfallsleg svör foreldra	%
Ég var mjög eða frekar ánægð(ur) með Hjallastefnuskólann	87,5
Barnið mitt var mjög eða frekar ánægt með Hjallastefnuskólann	90,0
Ég var mjög eða frekar ánægð(ur) með upplýsingaflæði milli heimilis og Hjallastefnuskóla barnsins míns	75,6

Þegar foreldrar voru spurðir hvort það væri eitthvað sem þeir töldu að betur hefði mátt fara námslega hjá börnum sínum í Hjallastefnuskóla þá svöruðu 27 foreldrar því játandi eða 65,9% aðspurðra. Þeir þættir sem foreldrar nefndu helst að betur hefðu mátt fara námslega hjá barni sínu voru:

- Kennsla í stærðfræði og tungumálum hefði mátt vera markvissari
- Aðhald og námskröfur hefðu mátt vera meiri
- Hefðu viljað fá meiri aðlögun að heimanámi og meiri upplýsingar um stöðu barns í námi
- Hefðu viljað betri kennslu í skrift
- Aðgerðaráætlun ef upp kæmi einelti

Þrátt fyrir að 66% foreldra hafi bent á að sitt hvað hefði betur mátt fara námslega í Hjallastefnuskóla barnsins síns, þá töldu 71,9% aðspurðra að barnið sitt hefði komið vel eða mjög vel undirbúið námslega úr Hjallastefnuskóla inn í almenna unglingadeild. Einnig taldi mikill meirihluti foreldra að börnunum sínum hefði gengið vel eða mjög vel að aðlagast í nýjum skóla að loknu námi í Hjallastefnugrunnskóla.

---

Mikill meirihluti foreldra eða 82,9% svaraði því játandi að þeir hefðu upplifað breytingar við það að barnið þeirra færi í annan skóla þegar það lauk skólagöngu í Hjallastefnunni. Helstu þættir sem foreldrar benda á í því sambandi eru:

- Minna utanumhald í almennum grunnskóla en í Hjallastefnugrunnskóla
- Mikið um próf í almenna kerfinu og meira heimanám
- Maturinn í Hjallastefnugrunnskólanum mun betri
- Betri aðgangur að kennurum og meiri nánd í Hjallastefnugrunnskólanum

Þegar foreldrar voru spurðir hvort eitthvað hefði betur mátt fara í félagslegum aðstæðum barnsins síns í Hjallastefnuskóla þá svöruðu 24,4% því játandi. Nokkrir foreldrar bentu á að jákvæðar félagslegar breytingar hefðu orðið hjá börnum sínum við það að koma í almennan grunnskóla og að börn þeirra hefðu eignast fáa vini í Hjalla. Þannig töluðu nokkrir foreldrar um að börnin þeirra hefðu átt í félagslegum erfiðleikum í Hjallastefnuskóla og gagnrýndu skólann fyrir að hafa ekki eineltisáætlun:

*„Einelti er mikið og það vantar áætlun og þau segja bara einelti er ekki til hjá okkur“*

Þá sagði annað foreldri:

*„ ...það þarf að taka betur á eineltismálum.. Þau fara ekki eftir Olweusaráætluninni“*

Þriðja foreldrið sagði:

*„ ...hann var lagður í einelti og það var ekki brugðist við því. Þetta var mjög erfitt“*

Þá var haft eftir fjórða foreldrinu:

*„ ...á miðstiginu varð barnið mitt fyrir einelti. Það var talað við krakkana en ekkert meira gert og eineltið hélt áfram“*

Og fimmta foreldrið sagði:

*„ ...hún varð fyrir einelti af hálfu barna og kennara og þurfti að kalla til Möggu Pálu og skólastjóra ...“*

Mikill meirihluti aðspurðra foreldra voru þó ánægðir með Hjallastefnuskólann sem barnið þeirra gekk í sem sést á því að 72% aðspurðra foreldra myndu velja Hjallastefnuskóla á ný fyrir börnin sín og 83,8% myndi mæla með Hjallastefnuskóla við aðra foreldra.

### 7.3 Samantekt

Hærra hlutfall nemenda í 5. -7. bekk í Hjallastefnuskólum segist oft eða mjög oft vera með foreldrum sínum eftir skóla og að sama skapi er lægra hlutfall nemenda sem segist oft eða alltaf vera einir heima eftir skóla. Þá telur einnig töluvert hærra hlutfall barna í Hjallastefnuskólum að foreldrar sínir þekki foreldra vina sinna. Meðal nemanda í 8. - 10. bekk fyrrum nemenda í Hjallastefnuskólum voru fleiri sem töldu foreldra sína þekkja foreldra vina sinna og marktækur munur var á því hversu mikli eftirliti fyrrum nemendur Hjallastefnuskóla töldu sig vera undir, af hálfu foreldra sinna í samanburði við aðra nemendur. Þá sýna niðurstöður að hærra hlutfall foreldra barna í Hjallastefnugrunnskólum á í samskiptum við aðra foreldra í skóla barnsins síns og hjálpist að við akstur barna í frístundir en í samanburðargrunnskólum.

Lítill munur var á ánægju foreldra leikskólabarna eftir því hvort foreldrar áttu börn í Hjallastefnuleikskólum eða öðrum leikskólum. Þannig voru leikskólaforeldrar almennt ánægðir með leikskóla barna sinna. Það sama er ekki að segja um grunnskólaforeldra en hærra hlutfall foreldra barna í Hjallastefnugrunnskólum telur skólann almennt standa undir væntingum sínum. Þá er einnig munur á hlutfalli foreldra í Hjallastefnugrunnskólum og samanburðarskólum sem telja skólana sinna áhugasviði barna sinna svo og mæta einstaklings- og tungumálapörfum þeirra, en hærra hlutfall foreldra í Hjallastefnugrunnskólum taldi skólann mæta þeim þáttum vel eða mjög vel. Einnig taldi hærra hlutfall foreldra nemenda í Hjallastefnugrunnskólum skólann taka vel eða mjög vel á móti gagnrýni og ábendingum og bregðast við þeim. Meðal foreldra grunnskólanemenda var marktækt hærra hlutfall foreldra í Hjallastefnugrunnskólum sem taldi að barninu sínu liði vel í skólanum og væri ánægt með kennarann sinn, taldi að stefna skólans höfðaði vel til sín og að þeir myndu velja sama skóla ef þau þeir eignuðust fleiri börn, samanborið við foreldra í öðrum grunnskólum.

Í símaviðtölum við foreldra voru foreldrar fyrrum nemenda almennt ánægðir með Hjallastefnuskóla og töldu að barninu sínu hafi gengið vel. Fram kom þó einnig gagnrýni sem helst beindist að því að kennsla hefði mátt vara markvissari í tungumálum og stærðfræði og að betur þyrfti að bregðast við eineltismálum sem upp koma í Hjallastefnuskólum.

## 8. Umræða um niðurstöður

Eins og fram kom í inngangi þessarar skýrslu hefur Hjallastefnan á Íslandi lítið verið rannsökuð fram til þessa, þrátt fyrir að hafa verið starfrækt í einhverju formi á Íslandi frá árinu 1989. Aðeins ein rannsókn hefur verið unnin sem lítur að hugmyndafræði Hjallstefnunnar og er það meistaraverkefni Margrétar Pálu Ólafsdóttur, *Gengi Hjallabarna í grunnskóla*. Rannsókn hennar leiddi í ljós að lítill munur mældist á Hjallanemendum og öðrum nemendum á þeim sviðum sem mæld voru (Margrét Pála Ólafsdóttir, 2000). Ýmislegt hefur þó verið skrifað um stefnuna í fjölmiðlum, bæði á jákvæðum og neikvæðum nótum, sem ekki er byggt á rannsóknum heldur gagnrýniströddum foreldra. Þar hefur komið fram gagnrýni á ýmsa þætti Hjallastefnunnar og þá sérstaklega tengda grunnskólum. Þær óánægjuraddir sem hafa verið hvað háværar, hafa helst gagnrýnt námsárangur, að honum sé ábótavant og að nemendur komi verr undirbúnir undir nám í öðrum skólum svo eitthvað sé nefnt.

Niðurstöður þessarar skýrslu og þeirra rannsókna sem hún byggir á benda til þess að ekki sé hægt að draga þá ályktun að Hjallaskólanemendur sýni slakari námsárangur en nemendur annarra skóla. Þannig sýndu niðurstöður lesfímiprófa (Leið til læsis) í 2. bekk að nemendur allra þriggja grunnskóla Hjallastefnunnar á höfuðborgarsvæðinu voru vel yfir meðaltali notenda LTL á landsvísu sem notað var til samanburðar (Steinunn Torfadóttir, 2011)

Einnig má sjá þegar skoðaður er árangur á samræmdum prófum undanfarin ár í 4. bekk að frammistaða Hjallastefnuskóla hefur verið lítið frábrugðin meðaltali þeirra sveitarfélaga sem þeir tilheyra. Þannig er til dæmis BSK Vífilsstöðum yfir meðaltali Garðabæjar árin 2013 – 2015 í stærðfræði og yfir meðaltali 2013 í íslensku en undir meðaltali árin 2014 og 2015. Sama má segja um BSK Hafnarfirði sem er yfir meðaltali Hafnarfjarðar í bæði íslensku og stærðfræði 2013 og 2014 en rétt undir 2015. Nemendur BSK Reykjavík þreyttu samræmd próf í 4. bekk í fyrsta sinn 2013 og voru þeir þá undir meðaltali Reykjavíkur en voru töluvert yfir meðaltali Reykjavíkur bæði í íslensku og stærðfræði 2014 og 2015.

Niðurstöður rannsókna sem þessi skýrsla byggir á sýndu einnig að námsárangur nemenda sem áður voru í BSK Vífilsstöðum og eru nú í unglingadeild var alls ekki verri en nemenda sem komu úr öðrum skólum Garðabæjar. Þá má nefna að í íslensku, ensku, dönsku og stærðfræði voru fyrrum nemendur BSK Vífilsstöðum með nokkuð hærri meðaleinkunnir samanborið við nemendur sem komu úr öðrum skólum Garðabæjar. Var þetta greinanlegt ef skoðaðar voru einkunnir nemenda í 8. – 9. bekk Garðaskóla og Sjálandsskóla vorið 2015 og einnig sjálfuppgæfnar einkunnum nemenda í sömu skólum í 8. – 10. bekk vorið 2016. Þá sýndu niðurstöður einnig að fyrrum nemendur í BSK Vífilsstöðum töldu sig jafn vel undirbúna

---

undir nám í unglingsdeild og jafnaldrar þeirra sem komu úr öðrum skólum Garðabæjar.

Ljóst er að margir þættir hafa áhrif á námsframvindu nemenda og námsárangur nemenda mótast af flóknu samspili margra þátta, bæði innan og utan skóla. Þannig hafa fyrri rannsóknir sýnt fram á að viðhorf til náms (Sanders, 1998), viðhorf til eigin getu (Bandura, 1993, 1997; Wigfield og Eccles, 2002) og áhugi nemenda (Eccles o.fl., 1983) eru þættir sem hafa áhrif á námsárangur. Eins og nefnt var hér að ofan þá sýndu nemendur í 2. bekk í Hjallastefnuskólum góðan árangur í lestri. Því komu á óvart þær niðurstöður að nemendur í Hjallastefnuskólum í 5. – 7. bekk höfðu mun verra viðhorf til lestrar og eyddu minni tíma að meðaltali á dag í lestur en jafnaldrar þeirra á höfuðborgarsvæðinu. Þannig taldi töluvert herra hlutfall nemenda í Hjallastefnuskólum að það væri leiðinlegt að lesa bækur og var munurinn meira afgerandi meðal drengja en stúlkna. Einnig sýndu niðurstöður að nemendur í Hjallastefnuskólum í 5. – 7. bekk, eyddu að meðaltali klukkustund minna á dag í ýmiss konar lestur en nemendur úr skólum á höfuðborgarsvæðinu, sem ef til vill er endurspeglun á viðhorfi þeirra til lestrar.

Þegar litið er til fyrrum nemenda í Hjallastefnuskólum var ekki tölfræðilega greinanlegur munur á viðhorfum þeirra til náms í samanburði við jafnaldra. Þó ber að nefna að mælingar tengdar innri áhugahvöt nemenda, verklagi og viðhorfi til verkefnavinnu, sýndu að fyrrum nemendur BSK Vífilsstöðum komu alls staðar betur út en jafnaldrar þeirra á höfuðborgarsvæðinu. Einnig er herra hlutfall drengja sem áður voru í BSK Vífilsstöðum sem hafa mikla trú á eigin námsgetu. Þannig telja tæp 20% drengja sem áður voru í BSK Vífilsstöðum og eru nú í unglingsdeild að þeir standi sig frábærlega í námi og séu meðal þeirra bestu samanborið við tæp 10% annarra nemenda. Þetta viðhorf mátti líka greina í viðtölum við fyrrum nemendur Hjallastefnunnar þar sem allir sex drengirnir sem tekið var viðtal við töldu sig vera mjög góða námsmenn. Þó er áhugavert að sjá, að þrátt fyrir stúlkur sem eru fyrrum nemendur í Hjallastefnuskóla hafi almennt sýnt betri námsárangur en drengir, þá var trú þeirra á eigin námsgetu minni en þeirra drengja sem áður gengu í Hjallastefnuskóla.

Eins og áður hefur verið nefnt þá hafa rannsóknir sýnt að fjölskylduþættir eins og foreldrastuðningur, eftirlit foreldra, tími sem foreldrar eyða með börnum sínum og tengsl foreldra við aðra foreldra jákvæð tengsl við námsárangur (Coleman 1988; Epstein 1991; Fan and Chen 2001; Jeynes, 2005; Jeynes, 2007; Kristjansson & Sigfusdóttir, 2009; McNeal 1999). Þegar litið er til niðurstaða tengdum þessum þáttum þá virðast nemendur í Hjallastefnuskólum standa vel. Þannig telur marktækt herra hlutfall nemenda í Hjallastefnuskólum að foreldrar þeirra þekki foreldra vana þeirra. Þessar niðurstöður komu bæði fram meðal nemenda í 5. - 7. bekk og meðal fyrrum nemenda Hjallastefnunnar sem nú eru í 8. – 10. bekk. Þá gáfu svör foreldra til kynna að herra hlutfall foreldra í Hjallastefnugrunnskólum eigi í samskiptum við aðra foreldra í skóla barna sinna samanborið við foreldra annarra grunnskóla. Jafnframt töldu fyrrum nemendur úr

---

Hjallastefnunni sem nú eru í unglingadeild sig frekar vera undir eftirliti foreldra, þ.e.a.s. að foreldrar þeirra vissu frekar hvar og með hverjum þeir væru á kvöldin samanborið við aðra nemendur.

Eins og áður hefur verið minnst á þá leggur Hjallastefnan áherslu á kynjafræðslu sem jafnréttisþátt kynjanámskrár þar sem farið er inn á ýmsar hliðar misréttis og leiðir til betra lífs með tengingu við veruleika barnanna sjálfra (Námskrá Barnaskóla Hjallastefnunnar, 2013). Sitt hvað í niðurstöðum þessarar rannsóknar, bendir til þess að jafnréttisáherslan í Hjallastefnuskólum sé að skila sér í aukinni jafnréttisvitund meðal nemenda þeirra. Þannig mátti sjá að mun hærra hlutfall nemenda í Hjallastefnuskólum taldi að ef foreldrar væru báðir útvinnandi ættu þeir að sinna verkum sem lúta að fjölskyldunni og heimilinu jafnt. Þessi munur var meira afgerandi meðal stúlkna en drengja en almennt taldi hærra hlutfall Hjallanemenda að jafnræðis skyldi gæta meðal foreldra í heimilisverkum, samanborið við nemendur á höfuðborgarsvæðinu. Þegar litið er til þessara þátta hjá nemendum sem hafa lokið skólagöngu í BSK Vífilsstöðum og eru nú í unglingadeild má sjá sömu vísbendingar þar sem stúlkur sem áður voru í BSK Vífilsstöðum töldu frekar að að kynin ættu að deila jafnt með sér verkum en jafnöldru þeirra. Þessi munur var þó ekki lengur greinalegur meðal drengja og þá var enginn munur að ráði meðal drengja sem áður voru í BSK Vífilsstöðum eða öðrum skólum í Garðabæ.

Niðurstöður sem tengjast foreldrum sýna að almennt var lítil munur á ánægju og viðhorfum foreldra leikskólabarna óháð því hvort börn þeirra voru í Hjallastefnuleikskóla eða almennum leikskóla. Einnig sýndu niðurstöður að foreldrar barna í leikskóla voru almennt ánægðari en foreldrar grunnskólabarna. Töluverður munur var þó á ánægju grunnskólaforeldra eftir því hvort foreldrar áttu börn í Hjallastefnugrunnskóla eða almennum grunnskóla. Þannig sýndu niðurstöður að foreldrar barna í Hjallastefnugrunnskólum voru mun ánægðari með skóla barnsins síns en foreldrar barna í almennum grunnskólum. Einnig töldu foreldrar barna í Hjallastefnugrunnskólum frekar að börnunum sínum gengi vel og væru ánægð með skólann og liði vel þar, samanborið við aðra foreldra grunnskólabarna. Einnig mátti sjá að viðhorf foreldra barna í Hjallagrunnskólum var að sumu leyti ólíkt viðhorfum foreldra í almennum grunnskólum. Ekki kom á óvart að foreldrar barna í Hjallastefnuskólum voru frekar hlyntir skólagjöldum og skólabúningum en foreldrar barna í samanburðargrunnskólum, þar sem bæði skólagjöld og skólabúningar eru viðtekin í Hjallastefnunni. Lægra hlutfall foreldra með börn í Hjallastefnugrunnskóla en samanburðargrunnskóla töldu mjög mikilvægt að kennarar barna sinna hefðu kennaramenntun. Þetta kemur á óvart í ljósi þess að foreldrar í Hjallastefnuskólum voru jafnframt frekar líklegri en aðrir foreldrar til að telja mjög mikilvægt að skólinn hefði einstaklingsmiðað nám og töldu frekar að skólinn mætti einstaklingsþörfum barna sinna vel en foreldrar í almennum grunnskólum.

Þegar á heildina er litið benda niðurstöður rannsókna sem þessi skýrsla byggir á til þess að nemendur í Hjallastefnuskólum standi sig ekki síður vel í námi en jafnaldrar þeirra í öðrum skólum. Þá er heldur ekkert sem bendir til þess að nemendur úr Hjallastefnuskólum komi illa undirbúnir undir nám í aðra skóla. Þetta kom vel fram bæði í svörum fyrrum nemenda sem nú eru í unglingadeildum Garðabæjar og viðtölum við fyrrum nemendur Hjallastefnunnar. Á sumum þáttum virðast nemendur Hjallastefnunnar jafnvel standa framar jafnöldrum sínum í öðrum skólum og þá sérstaklega þegar kemur að viðhorfum til jafnréttis sem og á þáttum er tengjast félagsauði. Þá sýndu niðurstöður einnig að almenn ánægja er meðal foreldra barna í Hjallastefnuskólum með skóla barna sinna.

## Heimildir

- Aðalnámskrá grunnskóla, almennur hluti.* (2011). Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið.
- Almar M. Halldórsson, Ragnar F. Ólafsson og Júlíus K. Björnsson. (2013). *Helstu niðurstöður Pisa 2012*. Reykjavík.
- Amalía Björnsdóttir, Baldur Kristjánsson og Börkur Hansen. (2008). Námsáhugi nemenda í grunnskólum: Hver er hann að mati nemenda og foreldra? Hvernig breytist hann eftir aldri og kyni? *Tímarit um menntarannsóknir*, 5, 7-26.
- Anderman, E. M., og Midgley, C. (1997). Changes in achievement goal orientations perceived academic competence, and grades across the transition to middle-level schools. *Contemporary Educational Psychology*, 22, 269-298.
- Barcia, K., og Bussey, K. (2010). The psychological impact of peer victimization: exploring social-cognitive mediators of depression. *Journal of Adolescence*, 33, 615-623.
- Bean, R. A., Bush, K. R., McKenry, P. C., og Wilson, S. M. (2003). The impact of parental support behavioral control, and psychological control on the academic achievement and self-esteem of African American and European American adolescents. *Journal of Adolescent Research*, 18, 523-541.
- Bokhorst, C. L., Sumter, S. R., og Westenberg, P. M. (2010). Social support from parents, friends, classmates, and teachers in children and adolescents aged 9-18 years: who is perceived as most supportive? *Social development*, 19(2), 417-426.
- Bong, M. (2008). effects of parent-child relationships and classroom goal structure on motivation, helpseeking avoidance, and cheating. *The Journal of Experimental Education*, 76(2), 191-217.
- Catalano, R. F., Haggerty, K. P., Oesterle, S., Fleming, C. B., og Hawkins, J. D. (2004). The importance of bonding to school for healthy development: findings from the social development research group. *Journal of school health*, 74(7), 252-261.
- Coleman, J. S., Campbell, E., Hobson, C., McPartland, J., Mood, A., Weinfeld, F., og York, R. (1966). The Coleman Report. *Equality of Educational Opportunity*.
- Coleman, J. S. (1988). Social capital in the creation of human capital. *American Journal of Sociology*, 94, 95-120.
- Downey, D. B., og Vogt Yuan, A. S. (2005). Sex differences in school performance during high school: puzzling patterns and possible explanations. *The Sociological Quarterly*, 46, 299-321.
- Eccles, J. S., Wigfield, A., Midgley, C., Reauman, D., Maclver, D., og Feldlaufer, H. (1993). Negative effects of traditional middle school student's motivation. *The Elementary School Journal*, 93(5), 553-574.



- 
- Elsa Lyng Magnúsdóttir, Steinunn Gestsdóttir og Kristján Ketill Stefánsson. (2013). Tengsl skólatengdrar hvatningar við trú ungmenna á eigin getu til sjálfstjórnunar í námi. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun: Sérrið 2013 – Fagið og fræðin*.
- Farkas, G. (2003). Cognitive skills and non-cognitive traits and behaviors in stratification processes. *Annual Review of Sociology*, 29, 541-562.
- Fass, M. E., og Tubman, J. G. (2002). The influence of parental and peer attachment on college students' academic achievement. *Psychology in the Schools*(39), 561-573.
- Fuchs, D., og Deschler, D. D. (2007). What we need to know about responsiveness to intervention (and shouldn't be afraid to ask). *Learning Disabilities Research and Practise.*, 22, 129-136.
- Gallagher, K. (2009). *Readcite: How Schools are killing reading and what you can do about it*. Portland: Stenhouse Publishers.
- Gibbs, A. (1997). Focus groups. *Social Research Update*, 19.
- Hallinan, M. T. (2008). Teacher influences on student's attachment to school. *Social Education*, 81(3), 271-283.
- Helga Jónsdóttir. (2003). Viðtöl sem gagnasöfnunaraðferð. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (Ritsstj.), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknnum í heilbrigðisvísindum* (bls. 64-84). Háskólinn á Akureyri.
- Hjallastefnan. (2014). *Hjallastefnan, Handbók leikskóla*. Reykjavík: Hjallastefnan ehf.
- Hjallastefnan. (2014). *Hjallastefnan, jafnréttisaðgerðir 2014*. Reykjavík: Hjallamiðstöðin.
- Hrefna Pálsdóttir, Jón Sigfússon, Ingibjörg Eva Þórisdóttir, Margrét Lilja Guðmundsdóttir, Álfgeir Logi Kristjánsson og Inga Dóra Sigfúsdóttir. (2014). *Ungt Fólk 2014*. Reykjavík: Rannsóknir og greining.
- Konu, A., & Rimpela, M. (2002). Well-being in schools : a conceptual model. *Health Promotion International*, 17(1), 79-87.
- Kristjánsson, Á. L., & Sigfúsdóttir, I. D. (2009). The role of parental support, parental monitoring and time spent with parents on adolescent academic achievement in Iceland: a structural model of gender differences. *Scandinavian Journal of Educational Research*, 53, 481-496.
- Kuncel, N. R., Credé, M., og Thomas, L. L. (2005). The Validity of Self-Reported Grade Point Average, Class Ranks, and Test Scores. A Meta - Analysis and Review of the Literature. *Review of Educational Research*, 75(1), 63-62.
- Lambe, E. K. (1999). Dyslexia, gender and brain imaging. *Neuropsychologia*, 37, 521-536.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2014). *Hvítbók*. Reykjavík: Mennta-og menningarmálaráðuneytið.

- 
- Námskrá Barnaskóla Hjallastefnunnar, V. (2013). *Námskrá Barnaskóla Hjallastefnunnar Vífilsstöðum 2013-2014*. Reykjavík: Hjallastefnan.
- Námsmatsstofnun. (2014). *Fyrstu niðurstöður rannsókna*. Sótt frá [http://www.namsmat.is/vefur/frettir/bref\\_skp/470\\_skp2014\\_fyrstu\\_nidurstodur.pdf](http://www.namsmat.is/vefur/frettir/bref_skp/470_skp2014_fyrstu_nidurstodur.pdf)
- Nurmi, J. K., og Aunola, K. (2005). Task - motivation during the first school years: A person-oriented approach to longitudinal data. *Learning and Instruction, 15*, 103-122.
- Orr, P. (1992). *Sex bias in Schools: National Perspectives. Girl friendly [...]*. (D. K. Whyte, Ritstj.) London: Routledge.
- Margrét Pála Ólafsdóttir. (2005). Hvers vegna kynjaskipting? um leik- og grunnskóla Hjallastefnunnar. *Skíma, rit móðurmálskennara, 28*(1), 25-30
- Margrét Pála Ólafsdóttir. (2000). *Gengi Hjallabarna í grunnskóla. Hefur kynjaskipt leikskólustarf áhrif á færni, líðan og viðhorf stúlkna og drengja þegar í grunnskóla er komið?* Meistaraprófsverkefni, Reykjavík.
- Marsh, H. W., Trautwein, U., Lüdtke, O., Köller, O., og Baumert, J. (2005). *Academic self-concept, interest, grades, and standardized test scores: Reciprocal effects models of causal ordering*.
- Pajares, F., & Usher, E. L. (2009). Sources of self-efficacy in mathematics: A validation study. *Contemporary Educational Psychology, 34*, 89-101.
- Palsdóttir, A., Asgeirsdóttir, B.B., & Sigfusdóttir, I.D. (2012). Gender difference in well-being during school lessons among 10-12 year old children: The effects of school, family and peer related factors. *Scandinavian Journal of Public Health, 40*, 605-613.
- Pintrich, P. R., og Schunk, D. H. (1996). *Motivation in education: Theory, research, and applications*. Englewood Cliffs, NJ: Merrill Prentice-Hall.
- Rannsóknir og greining. (2016). *Rannsóknir og greining*. Reykjavík: Rannsóknir og greining.
- Sanders, M. G. (1998). The effects of school, family and community support on the academic. *Urban Education, 33*, 385-409.
- Schaefer, B. (2004). A demographic survey of learning behaviors among American students. *School Psychology Review, 33*(4), 481-497.
- Sheldon, S. B., og Epstein, J. L. (2005). Involvement counts: Family and community partnerships and mathematics achievement. *Journal of Educational Research, 98*, 196-206.
- Sigfúsdóttir, I. D., Ásgeirsdóttir, B. B., Sigurðsson, J. F., og Guðjónsson, G. H. (2008). Trends in depressive symptoms, anxiety symptoms and visits to healthcare specialists: A national study among Icelandic adolescents. *Scandinavian Journal of Public Health, 36*(4), 361-368.

- 
- Sigfúsdóttir, I. D., Kristjánsson, Á. L., og Allegrante, J. P. (2009). The Role of Parental Support, Parental Monitoring, and Time Spent with Parents. *Scandinavian Journal of Educational Research, Vol. 53*, (No, 5), 481–496.
- Sigfúsdóttir, I. D., Kristjánsson, Á. L., og Allegrante, J. (2007). Health behaviour and academic achievement in Icelandic School Children. *Health Education Research, 22*, 70-80.
- Smyth, E. (2010). Single-Sex Education - What does Research Tell Us? *Reviue francaise de pédagogie* , 47-55.
- Snowman, J., og Biehler, R. (2006). *Psychology applied to teaching* (12th útg.). Boston: Houghton Mifflin.
- Sóley S. Bender. (2003). Rýnihópar. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (Ritstj.), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 64-84). Háskólinn á Akureyri.
- Stadler, C., Feifel, J., Rohrmann, S., Vermeiren, R., og Poustka, F. (2010). Peer - victimization and mental health problems in adolescents: are parental and school support protective? *Child Psychiatry Human Development, 41*, 371-386.
- Steinunn Torfadóttir, Helga Sigurmundsdóttir, Ásthildur Bj. Snorradóttir, Bjarney Sigurðardóttir, Jóhanna Ella Jónsdóttir og Sigurgrímur Skúlason. (2011). *Leið til læsis: lesskimun fyrir fyrsta bekk grunnskóla - Handbók*. Iceland: Menntamálastofnun.  
doi:[http://vefir.nams.is/flettibaekur/namsefni/leid\\_til\\_laesis/files/assets/common/downloads/publication.pdf](http://vefir.nams.is/flettibaekur/namsefni/leid_til_laesis/files/assets/common/downloads/publication.pdf)
- Sund, A. M., Larsson, B., og Wichstrom, L. (2011). Role of physical and sedentary activities in the development of depressive symptoms in early adolescence. *Social Psychiatry and Psychiatric Epidemiology, 46*(5), 431-441.
- Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, Óttarr Proppé, Nanna K. Christiansen, Sigurlaug Hrunn Svavarsdóttir, Jón Páll Haraldsson, Bryndís Jónsdóttir, Ingveldur Hrönn Björnsdóttirog Bergsveinn Þór, Jónsson. (2011). *Skýrsla starfshóps um námsárangur drengja*. Reykjavík: Reykjavíkurborg - Skóla og frístundasvið.  
Sótt frá:  
[http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis\\_skjol/skjol\\_utgefid\\_efni/starfshopurnamsvandadrengja\\_2011.pdf](http://reykjavik.is/sites/default/files/ymis_skjol/skjol_utgefid_efni/starfshopurnamsvandadrengja_2011.pdf)
- Wentzel KR., Barry CM., og Caldwell KA. (2000). Friendship in middle school: influences on motivation and school adjustment. *Journal of Education Psychology, 96*(2): 195-203.
- Zimmerman, B. J., og Martinez-Pons, M. (1988). Construct validation of a strategy model of student self-regulated learning. *Journal of Educational Psychology, 80*(3), 284-290.